


| tíska | tónlist | heilsa | bækur | matur | stjörnuþá | tíðarandi | sjónvarp |

birta

● nú verða sagðar fréttir!



» Lóa, Hallgrímur, Þorfinnur & Rósa Björk

SJÓNVARPSDAGSKRÁIN
18.-24. nóvember

L' O R

**12 SINNUM MEIRA UMFANG AUGNHÁRANNA.
TAKMARKALOUS DJÖRFUNG!**

Aishwarya Rai sést hér með Volume Shocking í svörtum lit

É

A



L

PARIS

NÝTT VOLUME SHOCKING

TVÖFALDUR MASKARI SEM EYKUR UMFANG AUGNHÁRANNA

SKREF 1: Grunnur sem undirbýr og mótar augnhárin þannig að útkoman verður enn greinilegri.



SKREF 2: Greiða sem inniheldur maskara auk blöndu sem eykur umfang augnháranna og lengir þau.



4 ára rannsóknir á 16 einstaklingum. Vísindalega sönnuð áhrif. Því þú ÁTT ÞAÐ SKILID.

L'ORÉAL PARIS

Fallegt og vinsælt danskt jólaskraut

verð aðeins kr. 1.250.- í fallegum gjafapakka

menu



Á aðventukertin



1. Gjafapakki



5. Jólatri



11. Snjókorn



2. Stjarna



6. Tromma



12. Slaufa



3. Mistilteinn



7. Engill



4. Hjarta



8. Jólahafrur



9. Laufblað



10. Rugguhestur

w w w . t k . i s

ERUM FLUTT ÚR FAXAFENI Í KRINGLUNA

Tékk
KRISTALL

ER AÐEINS Í KRINGLUNNI



24



40



16



20

Petta helst

- 7 Glitrandi sápuvíkur
- 8 Tíðarandi
- 10 Brennsla Ellenar
- 12 Augnayndi úr austrinu
- 16 Allir velkomnir í afmæli Al-Anon
- 18 Bækur fyrir börnin smá

Viðtöl

- 20 NFS: Nú verða sagðar fréttir!
- 24 Lára Stefánsdóttir:
Sér von í dansinum

Hann/hún

- 28 Hugmynd að matarboði
- 34 Þórhildur Elín með barn undir belti
- 36 Brynhildur stingur í samband
- 36 Stjörnuspáin
- 40 Flatur magi

Fylgihlutir

- 42 Það sem við á að hafa
- 44 Gjörvilegt glingur
- 46 Hár er höfuðprýði

Í hverju blaði

- 48 Krossgáta
- 49 Sjónvarpsdagskrá næstu viku

birta

18. nóvember - 24. nóvember 2005 nr. 46

ÚTGÁFUFLAG: 365 – prentmiðlar
RITSTJÓRAR: Steinunn Stefánsdóttir
steinunn@frettabladid.is
og Sigríður Björg Tómasdóttir
sigridur@frettabladid.is
ÁBYRGÐARMAÐUR: Steinunn Stefánsdóttir
RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR:
Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 550 5000
DREIFING: Pósthúsið ehf., sími 585 8330

AUGLÝSINGAR:
Laila Awad / laila@365.is
Sölustjóri 550 5848 / 824 2356
Ester Sigurðardóttir / ester@365.is
Sölufulltrúi 550 5828 / 899 7600
Ámundi Ámundason / amundi@frettabladid.is
Sölufulltrúi 550 5811 / 821 7514
Kitty Johansen / kittyj@365.is
Sölufulltrúi 550 5854 / 695 4161

UMBROT: 365 – prentmiðlar
Kristín Agnarsdóttir og Einar Elí Magnússon
PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf.
FORSÍÐUMYND: Teitur
NETFANG: birta@frettabladid.is
Birtu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum, Akureyri, Akranesi, Borgarnesi, Selfossi og Hveragerði.

Það er kannski sumar í Ástralíu ...



FRANKA LUGTINGARFRANJÓNAK 100 10014 111000

... en hér á Íslandi er vetur.

Þess vegna **fylgja vetrardekk á felgum** öllum seldum Corolla og Avensis fram til áramóta.



Avensis
Verð frá 2.240.000 kr.



Corolla
Verð frá 1.685.000 kr.



TODAY TOMORROW **TOYOTA**



Texti: EMELÍA ÖRLYGSÐÓTTIR Mynd: GETTY

Glitrandi sápukáfur

Í myrkri og kulda er fátt betra en heitt bað, nema kannski heitt freyðibað. Freyðibað er samt ekki bara freyðibað því það mótast af þeim sem fer í það. Sumir vilja slakandi olfur og sölt í baðið hjá sér á meðan aðrir vilja örvandi og endurnærandi baðbombur. Sumir gefa sér langan tíma til þess að undirbúa baðið, raða kertum í kringum baðkarið og strá rósablöðum yfir allt saman á meðan aðrir eru komnir ofan í baðkarið áður en það er orðið hálf af vatni. Sumir vilja fara einir í freyðibað á meðan aðrir vilja helst hafa alla fjölskylduna ofan í baðkarinu. Sumir vilja hafa graf-

arpögn á meðan aðrir vilja hlusta á slakandi tónlist og enn aðrir hlusta á hávaðarokk og syngja hástöfum með. Sumir vita ekkert betra en að láta færa sér kaffi og súkkulaði í baðið á meðan aðrir vilja drekka eitthvað svalandi og enn öðrum dettur ekki í hug að vera með mat og drykk á baðherberginu. Sumir geta verið tímunum saman í baðinu á meðan aðrir eru flúnir upp eftir tíu mínútur. Flestir eiga það sameiginlegt að finnst gott að fara í freyðibað, sumir vilja fara í það á hverjum degi en aðrir láta sér kannski nægja eitt skipti á ári.

heitt & kalt |

SVART OG RAUTT Nú er sixtís-ílingurinn ráðandi í förðun. Svartur augnblýantur og rauður varalitir eru það flottasta í dag. Rauði liturinn veitir hlýlegt viðmót á köldum dögum og svarta línán kringum augun er klassísk og seiddandi. Heillandi og kvenleg förðun.

JÓLAFÖT Jólafötin tröllríða nú tiskufataverslunum. Betra er að fara fyrr af stað en seinna. Enginn vill fara í jólaköttinn og standa á nærbuxunum einum saman á aðfangadag. Fólk er byrjað að streyma í búðir og gamla lögmálið er enn í gildi ... sá fær sem fyrstur nær.

ÞÆFD ULL Þæfða ullin er búin að vera í tisku en hún er líka búin að vera úr tisku. Fólk virðist ósammála um tiskugildi þæfðu ullarinnar, sumir elska hana og aðrir hata. Þæfða ullin dansar því á hitamælinum, mitt á milli heitt og kalt.

FRÆGDARDÝRKUN Slúðurblöðin virðast vera að reyna að búa til stéttarskipt samfélag frægri og þeirra sem eru ekki frægir. Það er ekkert merkilegra að vera leikari en pípari eða vinna í sjónvarpi eða fatabúð. Ekki láta glepjust af fölsuðum frægðarljóma. Við erum öll eins og enginn vill láta einkalífíð sitt vera á forsíðum blaðanna.

SUMARDEKK Enn eru nokkrir þarna úti sem þrjúskast við að setja vetrardekkin undir bílinn. Röksemdir á við að hálfkan sé eitthvað sem líður hjá, naglamir fari illa með malbikið eða að kostnaðurinn sé mikill, eru ekki gildir. Í hálfku þarf ekki mikið til að slys verði og við verðum að axla ábyrgð sem ökumenn.

» Jólakort

Ekki seinna vænna

Það er kominn tími til og ekki seinna vænna. EF þú ætlar þér að fönðra þín eigin jólakort þá er það núna eða aldrei, að minnsta kosti fyrir þessi jól. Margir leggja mikla vinnu og alúð við þann sið að gera sín eigin jólakort og umslögin frá þeim eru tilhlökkunarefni til opnunar í sjálfu sér. En ef þannig á að standa að jólakortagerð er betra að hafa tímann fyrir sér, einkum á þessum árstíma þegar dagarnir fljúga hjá hraðar en tönn á festir. Farðu að huga að jólakortaföndrun þínu. Jólápósturinn fer bráðum að hringja bjöllunum og eins og allir vita þá hringir hann tvisvar en ekki mikið oft en það.



» Hálfkan og snjórin

Salt, sandur og skófla

Á sumrin er nauðsynlegt að eiga sólstól, sólhatt og sangríu. En á veturna er nauðsynlegt að eiga salt, sand og skóflu. Hálfkan er komin í ham og



leggst mjúklega yfir allt sem við henni tekur og býr þar með til skautasvell sem bílar og mennskir fætur dansa á út veturninn. Skófla an ætti að vera í hverjum bíl og í hverju húsi enda koma alltaf



dagar þar sem við þurfum að moka okkur út úr heimreiðinni með góðu eða illu. Sandurinn og saltið hjálpa okkur svo að „bræða“ hálfkuna sem felur sig undir snjónum. Þeir sem eru nýjungagjarnir geta hengt á sig söðultöskur með sandi og salti í og notað skófluna til að ryðja sér leiðina fram í apríl.

» Kuldinn

Ullin góða

Þegar við vorum börn sáu eldri kynslóðir um að troða ofan í okkur lýsi og utan á okkur ullarnærfötum sem vörn gegn kuldinum. Við vorum kannski ekki ánægð með þessa ítrosu í þá gömlu góðu daga en erum hins vegar þakklát fyrir reynsluna í dag.



Ullarnærfötin eru jú besta vörnin gegn Kára kuldabola. Þau eru mjúk og hlý og halda niðri hrollinum og kuldabólunum. Ekkert smýgur í gegn og þau standa þétt með okkur núna eins og þau gerðu í barnæskunni.

» Endurskinsmerki

Láttu sjá þig!

Margar hættur leynast í myrkrinu en fáar eins skæðar og bíll sem ekur eftir götu. Gangandi vegfarendur eru í stórhættu þegar myrkrið skellur á og best væri auðvitað að vera ekkert á ferli eftir að rökkva tekur. En einn verndargripur öðrum fremur bægir hættum myrkursins frá. Það er auðvitað endurskinsmerki. Nú er hægt að fá bæði hefðbundna límborða en líka þau sem hægt er að hengja í sig með nælu og glóa og blikka jafnvel við reyksþúandi málmskrímslunum á götunum. Það geta allir verið með slík merki vegna þess að þau er hægt að taka af hálsnum eða flíkum þegar inn er komið eða dagsbirtan lætur sjá sig skamma hríð. Aðalmálið er að vera með endurskinsmerki.



JÓLIN ERU: FÍN HUGMYND

ÍSLENSKA HUGVINGASTOFNANNAVISIUS DBE 30219 11/2005



Merkjabúð á tveimur hæðum

Komdu sjálfum þér og ástvinum á óvart. Í Debenhams er úrval af fatnaði og gjafavöru á verði sem kemur þér í jólaskap.

Daman: Loðhúfa 2.490 kr., Wallis kápa 18.990 kr., hanskar 2.990 kr., taska 2.490 kr., skór 6.990 kr., trefill 2.490 kr., hattur 1.690 kr. Herrann: Esprit frakki 22.990 kr., rúllukragapeysa 6.990 kr., Esprit buxur 8.990 kr. Börnin: Kjöll 4.990 kr., Esprit skór 6.990 kr., vestí 2.590 kr., buxur 2.990 kr., rúllukragabólur 1.990 kr., Warehouse húfa 1.690 kr. Frá Coach house: Hangandi lukt 1.990 kr., hattaöskjur tvær saman 6.990 kr., borð 6.990 kr., spegill 1.990 kr., ker 1.790 kr., blómabúnt 2.990 kr., gólfvasi 7.500 kr., kertastjakar 5.990 kr., kerti 59 kr., box f. vínflösku 1.690 kr., box 3.290 kr., box lítið 1.990 kr. Aðrir munir: Skrín 1.990 kr., sósuskál m. disk 3.790 kr., salt og pipar 2990 kr., skál 3290 kr. Skrín 2.590 kr., ketill 1.690 kr., kokteilhristari 2.490 kr., jólakútur í boxi 1.690 kr., púðar 3.490 kr. og 4.990 kr., bakki 2.990 kr., ketill 1.990 kr., Irish coffee glös tvö í pakka 1.390 kr.

Hlutir í einkaheign: Dúkka, harmonikka, samovarar á skáp.

DEBENHAMS

SMÁRALIND



brennslan mín ...

Erna Bergmann Björgvinsdóttir plötusnúður

Uppáhalds síðasta mánuðinn

Erna Bergmann Björgvinsdóttir er annar helmingur plötusnúðadúettsins Erna og Ellen. Auk þess að vera plötusnúður er Erna í námi í Íónskólanum í Reykjavík og svo vinnur hún bæði í Spútnik og sem kennari í Djassballetskóla Báru. Hún segir að brennslan sé ótrúlega mikið hún síðasta mánuðinn en treysti sér ekki til þess að velja sín uppáhaldslög allra tíma, því sá listi hefði verið allt of langur. „Brennslan er tvískipt, fimm róleg lög og fimm hress lög. Ég er alæta á tónlist og við Ellen erum mjög fjölbreyttir plötusnúðar. Eigum við ekki bara að segja að við séum mjög hressandi?“ segir Erna að lokum.

TRACK 1 HOPE THERE'S SOMEONE – ANTONY & THE JOHNSONS

Dásamlega dramatískt. Hlakka ekkert smá til tónleikanna.

TRACK 2 HEARTBEATS – JOSÉ GONZALES

Ótrúleg útgáfa af þessu Knife-lagi.

TRACK 3 HOPPÍPOLLA – SIGUR RÓS

Ég fékk gæshúð og hjartastopp þegar ég heyrði þetta lag fyrst. Finnst byrjunin allveg mögnuð og svo er textinn líka svo skemmtilegur.

TRACK 4 LOVE WILL TEAR US APART – NOUVELLE VAGUE

Annað „cover“-lagið á listanum. Diskurinn þeirra er algjör skyldueign. Finnst svo skemmtileg hugmyndin á bak við bandið. Erfitt að hugsa sér að þetta sé Joy Division-lag.

TRACK 5 I'D RATHER DANCE WITH YOU – KINGS OF CONVENIENCE

Þetta lag fær mig alltaf til þess að brosa og dilla mér. Nýi diskurinn þeirra, Riot on an Empty Street, er fullkominn diskur til þess að byrja daginn.

TRACK 6 DO THE WHIRLWIND – ARCHITECTURE IN HELSINKI

Hressandi! Gerir langar gönguferðir í roki og rigningu skemmtilegar.

TRACK 7 THAT'S WHY I SING MY SONG – STIJN

Sjúk í kallinn! Hann er með rosalega rödd, minnir mig smá á Jamie Liddell. Ótrúlega fjölhæfur og með skemmtilega takta.

TRACK 8 NEEDEY GIRL – CHROMEO

Party! Party! Þetta lag kemur mér alltaf í girinn.

TRACK 9 2D2F – AVENUE D

Þetta lag af Erlend Oye, Dj Kicks disknum er rosalega hress. Sérstaklega textinn. Jibbí-kóla!

TRACK 10 10 DOLLAR – M.I.A.

Uppáhalds! Ég fæ ekki nóg af henni. Mig langar bara að dansa og hrista mig!

» birta mælir með...

...BÍÓMYNDINNI IN HER SHOES. Myndin fjallar um samband tveggja systra sem eru jafn ólíkar og dagur og nótt. Handritið er sérlega vel skrifað og er myndin laus við klisjukenndan þráð amerískra ástarsagna. Myndin fjallar um lífið, mannleg samskipti, þroska og fjölskyldutengsl. Hún er þrælýfndin og leikkonurnar Cameron Diaz og Toni Colette valda hlutverkum sínum vel. Birta mælir líka með að eitt lítið snýtubríf sé haft með í töskunni.



...BÓKINNI KROSSTRÉ EFTIR JÓN HALL STEFÁNSSON! Jón Hallur er kallaður krónprins íslensku glæpasögunnar og stendur fyllilega undir þeim titli í þessari fyrstu glæpasögu sinni í fullri lengd. Sagan er spennandi og framvindan tekur ýmsar sveigjur en aðall bókarinnar er samt hvað sagan, persónurnar og allt umhverfið smellpassar einhvern veginn inn í íslenskan raunveruleika, sem er nokkuð sem hefur stundum verið erfitt fyrir íslenska glæpasagnahöfunda að ná fram.

... ÞESSUM HOLLU OG GÓÐU HAFLAKEXKÓKUM FRÁ WALKERS! Þær eru góðar einar og sér, enn betri með osti og bestar með smurosti og sultu. Og gott Earl Grey te kórónar svo allt. Að auki verður að minnast á það að þær eru úr lífrænt ræktuðum höfrum þannig að það hollustan er í hámarki og þegar andleg og líkamleg áhrif eru lögð saman má nánast segja að það sé óhollt að borða þær ekki!



NÝTT

Golftól til gjafa

Þetta sniðuga verkfæri, GreenBuddy golftólið, gæti hæglega rutt sér til rúms sem einskonar svissneskur vasahnífur golfheimsins. Í einu verkfæri er nú búið að sameina flatargaffal og flatarmerki, sem notuð eru til að merkja staðsetningu kúlunnar, þurfi að færa hana tímabundið. Gaffallinn er með fjaðurbúnaði og skýst fram við það eitt að þrýst er á hnapp en hægt er að geyma hann lokaðan og koma þannig í veg fyrir götun á buxnavösum. Hann er notaður til að laga rennislettur flatir ef sér á þeim eftir högg eða umgang. Gaffallinn sjálfur er úr sérhertu, ryðfríu stáli en umgjörðin úr háþróuðu fjölkarbónati. Til viðbótar við þennan glæsilega gaffal er búið að fella flatarmerki inn í handfangið sem hægt er að renna út með annari hendi. Ekki þarf þó að óttast að það renni út óafvitandi. Framleiðendur taka sérstaklega fram að eigendur GreenBuddy njóti þess að sýna verkfærið vinum og kunningjum og því sé það tilvalin gjöf. Einnig kemur fram á heimasíðu þeirra að GreenBuddy hentar ekki börnum.



VISIT REYKJAVIK ENERGY AT
www.or.is



ISÉNSKA AUGLÝSINGASTOFNAVÉLIS • 018 10210 111

Our website is multi-lingual

The main service areas of our website are in English, Polish, Vietnamese and Thai.



www.or.is



LARS TUNBJÖRK
Heima / Ríki í uppnámi

3. september – 20. nóvember 2005



LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR
Reykjavik Museum of Photography

Grófarhúsi 6. hæð · Tryggvagötu 15 · sími 563 1790 · fax 563 1799
Opnunartími sýninga 12–19 virka daga · 13–17 um helgar · AÐGANGUR ÓKEYPIS
www.ljosmyndasafnreykjavikur.is · www.photomuseum.is



GJAFAKORT!

GEFÐU EFTIRMINNILEGA UPPLIFUN
ÞÚ GETUR VALIÐ ÚR FJÖLBREYTTRI DAGSKRÁ



BORGARLEIKHÚSIÐ

ÞÚ FINNUR VARLA GLÆSILEGRI GJÖF! Gjafakort í Borgarleikhúsið gilda endalaust

568 8000 www.borgarleikhus.is

MOTTA: HÖRGER / SIA

Augnayndi úr austrinu

Allt er í gangi í tískunni í dag, svart, sixtís, seventís, hippa, gull, fjólu-blátt, leður, perlur, þjóðlegt, afrískt, gult, kínverskt, gamalt, splunkunýtt og allt þarna inn á milli. Tískan er afskaplega breiður vegur í vetur og mál að blanda ólíkum flíkum saman.

Það er því kærkomin viðbót við tískubúðaflórana í Reykjavík að fá eina ósvikna Austurlandaverslun í miðbæinn.

Verslunin Tantem hefur að vísu verið starfrækt á Laugaveginum um nokkurt skeið en fyrir mánuði síðan stækkuðu eigendurnir töluvert við sig og juku í leiðinni vöruúrvalið.

Á boðstólnum er bæði fatnaður og gjafavara og allur varningur kemur frá Kína. Flíkurar eru mjög litríkar, slegnar gylltum þráðum úr dýrindis silki. Ullarsjölín, silkitopparnir og jakkarnir eru afskaplega fallegir í ýmsum útfærslum og einnig eru barnavörurnar yndislegar. Herrafatnaður er nýr af nálínni og svo má líka finna í Tantem heimikið af allskyns aukahlutum og fallegum skartgripum sem passa vel með hátískuflíkum vetrarins.



Umsjón: Hildur Hafstein.

Kasmírullarsjal
5.000 kr.



Hamingjuhálsmen
990 kr.



Fjólublár og gylltur jakki
5.900 kr.

Lillablátt vesti
2.900 kr.



Bleikur jakki
5.900 kr.



Silkikjöll
6.900 kr.



Græn blússa,
brún blússa
5.800 kr.




Barnaskór
1.990 kr.



Skór
2.900 kr.



Gullarmbönd
990 kr. stk.



Tréarmbönd
390 kr. stk.



Svartur herrajakki
5.900 kr.

igma
vörðun

Gjafurhlífir frá kl. 11-18
og laugardaga 10-14

Igma ehf. Hlímsbrunnarvegur 2, 104 Rík.
Sími 555 1144, www.igma.is

**Náttfötin
komin**

Deiltraut
Söfnavegur
Skítuvegur

Hér erum við

TÍSKA OG STÍLL
SUNNUMÖRK 2 HVERAGERÐI
S: 483 4121 GSM: 848 8127
WWW.STILISTINN.IS

ricco vero
ER stilistinn

JÓLAFÖTIN
str. 36-56



Eddufelli 2, sími 557 1730
Bæjarlind 6, sími 554 7030

Samkvæmisjakkar

margir litir kr. 16.900

10 ár í Mörkinni
Tilboð í gangi

Úlpur, stuttkápur,
rúskinnsjakkar,
leðurjakkar,
þunnir ullarjakar,
pelskápur, pelsjakkar,
treflar, hattar og húfur



**50%
afsláttur**

af ullarkápum
í stærðunum 36-46

TOPP HÚSIÐ

Mörkinni 6 – S: 588 5518

Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga frá kl. 10-16

Ljós í myrkri



Demetra kr. 69.900

Kynning



Ljósín í bænum Kr. 18.490



Lene Bjerre kr. 15.900



Pfaff -Borgarljós hf
kr. 19.950

Nú fer sá tími ársins að ganga í garð sem þekktur er fyrir mikla ljósadýrð en jólin nálgast óðum og því um að gera að skreyta sem flesta glugga á heimilinu með litríkum jólaljósum.

Heimilið má einnig skreyta með fallegum ljósum, lömpum og ljósakrónum en um er að gera að lýsa upp svartasta skammdegið.



Heima kr. 88.500



Glóey kr. 4.512



Exó kr. 55.900



Lene Bjerre kr. 47.900
minni gerð kr. 26.500

glæsilegir síðkjólar

stærðir

34-46

verð frá
14990



Laugavegi 54,
sími 552 5201



ULLARVEÐUR

Góð og hlý ullarföt fyrir
krakka á öllum aldri og
foreldrana líka.
Gott verð!



JANUS

Barónstíg 3 • 101 Reykjavík • s. 552-7499

Opíð :
mán.- fös. 1100-1800 laug. 1100-1600

Fake Bake



Fyrir og eftir
meðferð með Fake Bake



Fake Bake

Útsöluastaðir Fake Bake eru:

Paradís, Helena fagra, Dekurhornið, Salon Ritz, Snyrtistofa Agnesar, Englakroppar, Snyrtistofan Hrund, Hress heilsurækt, Snyrtistofa Ragnheiðar Egilsstöðum, Táin og Strata Sauðárkróki, Stúdíó 1 Hjallabrekku, Snyrtistofa Grafarvogs, Snyrtistofan Jara Akureyri, Snyrtivörudeildir Hagkaupa, Debenhams, Apótek Siglufjarðar, Átak líkamsrækt Stykkishólmi, Snyrtihöfið Vestmannaeyjum, Sólbaðsstofan Linda Bolungarvík, Snyrtihreiðrið Þorlákshöfn, Litla búðin Akranesi, Hársnyrtistofa Ingibjargar Höfn, Hárgreiðslustofan Ozone Selfossi



Viðtal: BRYNHILDUR BJÖRNSDÓTTIR Myndir: HEIDA

Allir velkomnir í afmælið

» Al-Anon samtökin voru stofnuð á Íslandi árið 1972 en samtökin eru félagsskapur ættingja og vina alkóhólista og hefur þann eina tilgang að hjálpa aðstandendum að öðlast betra líf með hjálp Al-Anon aðferðarinnar. Viðmælandi okkar hér kemur fram nafnlaust í samræmi við reglur samtakanna, hann er ekki talsmaður þeirra. Hins vegar trúir hann því að með því að segja frá samtökunum hjálpi hann sjálfum sér og öðrum.

HVERJIR ERU Í AL-ANON?

Aðstandendur, vinir og fjölskyldur alkóhólista. Allir eiga erindi í Al-Anon ef það er áfengisvandamál í fjölskyldunni eða nánasta umhverfi. Í mínu tilfalli var mikil meðvirkni í fjölskyldunni og amma mín var meðvirkasta manneskja í heimi þótt afi hafi verið hættur að drekka áður en ég man eftir. En hann hefur enn þann dag í dag einkenni alkóhólisma og það hefur áhrif á allt hans umhverfi, ekki síst ömmu og foreldra mína og þar af leiðandi mig.

HVAÐ ER MEÐVIRKNI?

Hjá mér lýsir meðvirknin sér þannig að þegar ég hitti einhvern þá reyni ég strax að gera mér í hugarlund hvernig viðkomandi hugsar og hvernig hann er og reyni svo að passa við hann eða hana. Ég get skipt um persónuleika eins og sokka eftir því við hvern ég er að tala. Það sem öðrum finnst skiptir öllu máli og maður gerir hvað sem er til að fá viðurkenningu frá umhverfinu. Sá sem er meðvirkur metur sjálfan sig alltaf út frá því hvað öðru fólki finnst um hann eða hana frekar en hver hann eða hún er í raun og veru. Ég hef aldrei getað mætt neinum á miðri leið heldur alltaf þurft að hefja mig upp eða draga mig niður í samræmi við viðhorf mín til viðkomandi. Við eigum í samskiptum við umhverfið allan daginn og þessi samskipti eru rangt forrituð inn í huga þess sem er meðvirkur. Í Al-Anon lærir maður nýtt hegðunarmynstur og forritar sig upp á nýtt.

AFHVERJU LÍÐUR ÞÉR BETUR EFTIR AÐ HAFA FARIÐ Á FUND?

Á fundum hitti ég og hlusta á aðra sem hafa farið í gegnum og eru að

upplifa sömu hluti og ég og fæ þar af leiðandi annað sjónarhorn á hlutina. Ég læri að hlusta á aðra og hvernig þeim líður eða hefur liðið og get notað reynslu þeirra til að vinna úr aðstæðum sem ég er í. Svo er frábært að finna að maður er ekki einn. Ég á orðið fullt af vinum í samtökunum og alltaf þegar ég á í erfiðleikum með samskipti og finn að ég er ruglaður í höfðinu get ég hringt í félagi og fengið hans sjónarmið á það sem gerðist.

AF HVERJU ER NAFNLEYNDIN SVONA MIKILVÆG?

Það er bæði mikilvægt að halda trúnað um það sem sagt er á fundunum svo fólk geti opnað sig um það sem er að gerast í lífi þess án þess að það fari lengra. Það er líka mikilvægt að við erum bara við sjálf á fundunum, enginn neitt merkilegri en annar þótt sumir séu með hærri laun eða þekktari í þjóðfélaginu. Þegar fólk kemur fram fyrir samtökin eins og ég er að gera núna þá er það að kynna samtökin en ekki að kynna sjálf sig og verður ekki andlit samtakanna út á við eða hegðun hans eða hennar tákni fyrir samtökin í heild.

HVER Á AFMÆLI Í DAG?

Al-Anon samtökin á Íslandi eiga þrjátíu og þriggja ára afmæli í dag og af því tilefni verður opinn fundur í Háteigskirkju klukkan hálf níu í kvöld. Allir eru velkomnir og við viljum endilega hvetja sem flesta til að koma og kynna sér starfið. Enginn ætti að dæma samtökin fyrir fram og ákveða að Al-Anon henti sér ekki fyrr en búíð er að prófa.



TOPSHOP
SMÁRALIND

Bækur fyrir börnin smá


Bókaþjóðin vanrækir ekki sína smæstu þegna. Fjöldi barnabóka kemur út hérlendis ár hvert og margar þeirra eru frumsamdar eftir íslenska höfunda. Birta kíkti á örfáar þeirra.



Risaeðlubók

EFTIR INGIBJÖRGU BRIEM OG MARIBEL SIGURJÓNS.

Þær Ingibjörg og Maribel takast á hendur stórt verkefni með því að skrifa saman fyrstu íslensku bókina sem kemur út um risaeðlur en Ingibjörg kynntist þessum fyrirbærum náð þegar sonur hennar fékk risaeðludellu eins og mörg börn ganga í gegnum. Í bókinni er greint frá sautján risaeðlutegundum sem allar voru til fyrir milljónum ára – á risaeðlutímanum.



Hænur eru hermíkrákur

EFTIR BRUCE MCMILLAN OG GUNNELLU

Þetta er frábær og mjög óvenjuleg bók um íslenskar konur og íslenskar hænur. Hænurnar hætta að verpa eggjum og fara í staðinn að herma eftir konunum og elta þær á röndum. Konurnar hafa hinsvegar ráð undir rífi hverju og ná að snúa hænunum til fyrri vegar... og hagnast aðeins á því sjálfar. Bókin kemur líka út á ensku og hefur þegar hlotið geysigóðar viðtökur í Bandaríkjunum.



Rakkarapakki-með kveðju frá Jólasveinafjölskyldunni

EFTIR SIGRÚNU EDDU BJÖRNSDÓTTUR OG JEAN POZOK

Í þessari myndasögubók er lofað nýjustu fréttum, slúðri og myndum af íslensku jólasveinafjölskyldunni og líf hennar sett upp sem sápu-ópera. Spurt er spurninga eins og: kemst Grýla í kjólinn fyrir jólin? Stenst Leppalúði álag-ið í hjónabandinu? Hasarstillinn fer jólasveinunum ágætlega og eflaust eiga einhverjir full-orðnir eftir að skella upp úr yfir þessari bók líka.



Gott kvöld

EFTIR ÁSLAUGU JÓNSDÓTTUR

Áslaug Jónsdóttir á aðvölt með að setja sig inn í hugarheim barna en gæðir hann jafnframt myndum og ákveðnum boðskap. Bók hennar frá því í fyrra, Nei! sagði litla skrímslið vann til verðlauna enda var boðskapurinn þar mjög aðgengilegur og hollur börnum og fullorðnum. Í þessari nýju bók segir frá strák sem er einn heima á meðan pabbi skreppur frá til að sækja mömmu. Bangsinn hans er skíthræddur við allskonar forynjur sem geta birst á kvöldin þegar foreldrarnir eru fjarverandi og strákurinn á fullt í fangi með að hugga hann. Skemmtileg og fyndin bók um það hvernig á að kljást við það sem hræðir mann.



Þverúlfs saga grimma

EFTIR ÞORGERÐI JÖRUNDSDÓTTUR

Þessi saga vann fyrstu verðlaun í samkeppni Æskunnar um myndskreytta barnabók. Þverúlfr grimmi verður til þegar lítill strákur fær nóg af allskonar óréttlæti sem hann er beittur í formi óþægilegra hlífðarfata og óætis, breysist í téðan Þverúlfr og flýgur á eldflugá sinni til plánetunnar Plátúrnasar.



Rissa vill ekki fljúga

EFTIR KRISTÍNU STEINSDÓTTUR OG HÖLLU SÓLVEIGU ÞORGEIRSDÓTTUR.

Samstarf þessara tveggja listakvenna hefur áður skilað sér í hinni ágætu bók Engill í Vesturbænum sem hlaut fjölda verðlauna. Nú snúa þær sér að fuglum og náttúrunni og segja söguna af Rissu, máfsunga sem klekst út á syllu í stóru fuglabjargi á Íslandi og líður svo vel þar að hún neitar að læra að fljúga eins og allir hinir ungarnir!



Kuggur: Jólaleg jól og Þorrablót

EFTIR SIGRÚNU ELDJÁRN

Flest börn þekkjá Kugg og vinkonur hans Málfríði og mömmu hennar. Í þessum tveimur bókum steinglyma þær að halda jólin en fá til þess aðstoð frá Kuggi og fleiri góðum gestum en muna hinsvegar allt of vel eftir að halda þórrann hátíðlegan. Sigrún Eldjárn er einn vinsælasti og afkastamesti rithöfundur þjóðarinnar og hefur bæði skrifað myndabækur og textabækur fyrir eldri börn að ógleymdum öllum bókunum sem hún hefur myndskreytt. Sigrún á einmitt tuttugu ára rithöfundaafmæli í ár.





ÍSLENSKI DANSFLOKKURINN
BORGARLEIKHÚSINU

HAUST

[Íd]



Landsbankinn

CRITIC'S CHOICE?
WONDERLAND
POCKET OCEAN

ÁDEINS
2 SÝNINGAR
EFTIR
SUN 20. NÓV.
MIÐ 23. NÓV.

Miðasala í Borgarleikhúsinu s. 568 8000 eða á www.id.is

Nú verða sagðar fréttir

» NFS hefur göngu sína í dag og þar með er blað brotið í íslenski sjónvarpssögu. Nú geta Íslendingar fylgst með fréttapáttum frá morgni til kvölds – rétt eins og tíðkast á erlendum fréttastöðvum. Umsjónarmenn fréttaskýringaþáttarinnar Fréttavaktarinnar voru teknir tali. Það eru þau Lóa Aldísardóttir og Hallgrímur Thorsteinsson sem sjá um þáttinn frá nífu til tólf fyrir hádegi og Rósa Björk Brynjólfssdóttir og Þorfinnur Ómarsson sem hafa umsjón með honum milli þrjú og sex síðdegis.

Lóa Aldísardóttir

1. HVAÐ HEFURÐU STARFAÐ LENGI Í FJÖLMÍÐLUM?

Það eru tíu ár síðan ég byrjaði á framsóknarmálgagninu Tímanum undir stjórn og handleiðslu Birgis Guðmundssonar sem þar var fréttastjóri. Fylgdi síðan með þegar Dagur og Tíminn sameinuðust í eina áhugaverða tilraun til að búa til borgarblað með akureyrsku ívafi. Hef líka unnið á Fréttastofu Ríkisútvarpsins, skrifað í tímarit, verið ritstjóri Uppeldis í eitt misseri og ritstjóri Húsa og híbýla í þrjú ár. Síðustu tæpa þrjá mánuði hef ég svo verið í þjóðmálalættinum Allt & sumt á Talstöðinni.

2. HVAÐ VAR ÞAÐ SEM DRÓ ÞIG ÚT Í FJÖLMÍÐLUM?

Öööö. Var held ég strax í gagnfræðaskóla farin að stefna á blaðamanninn, fyrst og



fremst af því að mér fannst gaman að skrifa og var og er forvitin um alla skapaða hluti.

3. **HVERS KONAR FRÉTTIR FINNST ÞÉR SKEMMTILEGASTAR OG ÁHUGAVERÐASTAR?** Eiginlega allar nema fiski- og gengisvaxtavísitölufréttir. En meira að segja þær geta orðið skemmtilegar ef viðmælendinn er ástríðufullur um vísitölur og þorir að brjótast út úr stofnanamállyskunni.

4. HVERNIG HELDUR ÞÚ AÐ ÍSLENDINGAR EIGI EFTIR AÐ TAKA ÞESSARI NÝJUNG Í FRÉTTAFLUTNINGI?

Vonandi komast þeir að því að NFS var nákvæmlega það sem vantaði í fjölmiðlaflo-una. Það er fullt af fólki sem hefur óseðjandi áhuga á þjóðmálum og vill, hvenær sem er dagsins, geta kveikt á sjónvarpi, útvarpi eða farið á netið og treyst því að fá nýjustu fréttir og vitræna umræðu um það sem er að gerast í kringum okkur.

5. HVAÐ ER ÞAÐ ERFIÐASTA SEM ÞÚ HEFUR UPPLIFAD Í BEINNI ÚTSENDINGU?

Að mæta bálreiðum kollega mínum í mínu fyrsta beina útvarpsviðtali.



borð á þetta olúskip sem 365 miðlarnir eru.

2. HVAÐ VAR ÞAÐ SEM DRÓ ÞIG ÚT Í FJÖLMÍÐLUM?

Ólæknandi baktería, sem ég smitaðist af með móðurmjólkinni (eða kannski föður...?) Ég þrjóskaðist lengi við og reyndi að halda í allt aðra átt, en tókst auðvitað ekki. Var forfallinn kvikmyndaáhugamaður frá blautu barnsbeini og fór að skrifa um kvikmyndir í Helgarpóstinn árið 1986, undir handleiðslu Sigmundar Ernís. Eftir það var ekki aftur snúið.


3. HVERS KONAR FRÉTTIR FINNST ÞÉR ÁHUGAVERÐASTAR?

Fréttir þurfa að hreyfa við fólki. Vekja fólk til umhugsunar, hvort sem það er stórvíðburður eða smár. Sjálfur hef ég reyndar mjög vitt áhugasvið og hef gaman af því að setja mig inn í hin ólíklegustu mál. Ég hef sérstaklega gaman af því að fjalla um pólitík og erlend málefni, en finnst ekki síður áhugavert að segja frá menningu og listum eða íþróttum

Þorfinnur Ómarsson

1. HVAÐ HEFURÐU STARFAÐ LENGI Í FJÖLMÍÐLUM?

Ég hef starfað við fjölmiðla í tæp tuttugu ár, en þó með nokkrum hléum. Vann fyrir nokkur dagblöð áður en ég flutti til Frakklands, en þar var ég í fjögur ár fréttaritari. Ég flutti heim til að taka þátt í að búa til fyrsta Dagsljósið 1993. Eftir þrjú ár í Dagsljósi og fréttastofu Sjónvarpsins söðlaði ég um, var skipaður framkvæmdastjóri Kvikmyndasjóds, þar sem ég var í sjö viðburðarík ár. Samhliða starfi hjá Kvikmyndasjóði styrði ég vikulegum útvarpsþætti á RÚV – Í vikulokin – í heil átta ár, þar til ég stökk um



*Kátíðlegt jólaflauel
Full brú af fatnaði fyrir jólin
að ógleymdum freistandi
jólanáttfötum*

NOA[®]
NOA

Kringlan - 553 3536



– að því gefnu að í því felist einhver alvöru tíðindi. Auk þess líður mér best í beinni útsendingu, enda er lífið ekkert annað en bein útsending.

4. HVÆÐ ER ÞAÐ VANDRÆÐALEGASTA SEM ÞÚ HEFUR UPPLIFAÐ Í BEINNI ÚTSENDINGU?

Sögur úr fyrsta Dagsljósinu eru óteljandi. Hér er ein: Ég var aðalkynnir í þættinum, en í lok þáttar ætlaði ég að taka viðtal við franska konu, sem þá var hefja innflutning á frönsku brauði til landsins. Svo áttu líka katalónskir dansarar að stíga nokkur vel valin spor. Þegar aðalviðtal þáttarins var í gangi, kallaði Eva María (sem þá var skrifta) í eyrað á mér: „Þorfinnur, þú verður að fara fram í kaffistofu, því franska konan er að fá taugaáfall. Katalónsku dansararnir eru búnir að borða allt brauðið hennar...!“ Þá þurfti ég að skriða eftir gólfinu, framhjá myndavélunum í sófa viðtalinu og lauma mér þannig fram í kaffistofu. Þar náði ég að róa frönsku konuna og skriða svo aftur til baka áður en viðtalinu lauk. Kynnti svo næsta dagskrárlíð með bros á vör...

5. HVÆÐ GERIR ÞÚ TIL AÐ SLAPPA AF?

Notaleg stund með kærustunni er mér auðvitað efst í huga til að slappa af. Stundum förum við saman í gufubað, nú eða dreypum á vín-glassi. Best er þó að sameina allt þetta þrennt.

Hallgrímur Thorsteinsson

1. HVÆÐ HEFURÐU STARFAÐ LENGI Í FJÖLMÍÐLUM?

Í rúman aldarfjórðung. Þó ekki alveg samfleytt. Ég tók nokkurra ára sveig út í tölvutæknina. Ég hef starfað á Fréttastofu RÚV, Helgarpóstinum, unnið sjálfstætt við gerð auglýsinga og myndbanda, unnið við þátta- og fréttastjórn á Bylgjunni, á Stöð 2, Útvarpi Sögu og Talstöðinni.

2. HVÆÐ VAR ÞAÐ SEM DRÓ ÞIG ÚT Í FJÖLMÍÐLUN?

Meðfædd forvitni.

3. HVERS KONAR FRÉTTIR FINNST ÞÉR SKEMMTILEGASTAR?

Fréttir sem breyta sýn okkar á heiminn – hvort sem það er í okkar nánasta umhverfi eða á vettvangi heims mála. Þetta eru stóru fréttirnar.

4. HVÆÐ GERIR FRÉTT AÐ FRÉTT?

Að hún sé sögð.



5. HVER ER VANDRÆÐALEGASTA BEINA ÚTSENDINGIN?

Það var þegar ég var á leiðinni upp lyftuna gamla Útvarpshúsinu við Skúlagötu með fréttaviðtal aldarinnar við Geir Hallgrímsson þáverandi utanríkisráðherra í einni segulbandsflækju í höndunum meðan þulurinn las inngangin að fréttinni. Ég vaknaði við ærandi þögnina. Þetta var þá bara martröð.

6. HVÆÐA FRÆGU MANNESKJU MYNDIR ÞÚ HELST VIÐJA HITTA?

Jesús Krist.

7. HVÆÐ GERIR ÞÚ TIL AÐ SLAPPA AF?

Stundum fæ ég mér kaffi og sígarettu. Eða les vísindaskáldsögur. Eða geng með hundana.

Rósa Björk Brynjólfsdóttir

1. HVÆÐ HEFURÐU STARFAÐ LENGI Í FJÖLMÍÐLUM?

Ég hef starfað við fjölmiðla frá árinu 2000 og hef komið nokkuð víða við. Hef þó mest megnis unnið á RÚV, bæði í útvarpi og í sjónvarpi.

2. HVERS KONAR FRÉTTIR FINNST ÞÉR SKEMMTILEGASTAR?

Þar sem áhugasvið mitt er víðfemt þá finnst

mér flestar fréttir áhugaverðar. Skemmtilegustu fréttirnar eru þó þær sem rata bara í íslenska fjölmiðla eins og óvænt glíma smalamanna við skapstyggan hrút á Landmannafrétt eða undarlegt ferðalag landnámsþænu í Húnavatnssýslunni.

3. HVÆÐ GERIR FRÉTT AÐ FRÉTT?

Þegar hún vekur áhuga á að vita meira um málið.

4. HVERNIG HELDUR ÞÚ AÐ ÍSLENDINGAR EIGI EFTIR AÐ TAKA Í ÞESSA NÝJUNG?

Ég held að þeir eigi eftir að taka vel í þessa nýjung enda hefur það sýnt sig að þjóðin er bæði nýjungagjörn og sjúk í fréttir.

5. HVÆÐA FRÆGU MANNESKJU MYNDIR ÞÚ HELST VIÐJA HITTA?

Þær sem ég myndi vilja hitta eru flestar látnar eins og Móðir Teresa og Martin Luther King en ég vildi gjarnan hitta forseta Túrkménistan, Saparmurat Niyazov eða Túrkménbashi eins og hann vill láta kalla sig. Það yrði nokkuð forvitnilegt spjall held ég. En kannski væri skemmtilegra að bjóða Friðarverðlaunahafa Nóbels 2004, Wangari Maathai, í kaffi og pönnsur, og spjalla bæði um umhverfisvernd og stöðu kvenna.

6. HVÆÐ GERIR ÞÚ TIL AÐ SLAPPA AF?

Fer upp á fjöll eða horfi á stjörnur – hvort tveggja er mjög afslappandi.





Úrval af sængurfatnaði

ný munstur, nýjir litir
gæði, ending og góð þjónusta



Skólavörðustíg 21 • Sími 551 4050 • Reykjavík



Allt sem þarf

[er magic tan]



magic
TAN

www.magic-tan-iceland.com

Magic Tan Reykjavík

Smárasól, Sporthúsinu
Dalsmára 9-11,
201 Kópavogur
Sími 567 8780

Magic Tan Reykjanesbæ

Nuddst. Betri líðan
Hafnargötu 48a,
230 Keflavík
Sími 421 70 10

Magic Tan Akureyri

Snyrtist. Vita Liberata
Sunnuhlíð 12,
603 Akureyri
Sími 468 1588



Förðun við öll tækifæri og ýmis námskeið

Full búð af Madina snyrtivörum

Erum flutt á Laugaveg 30a

MADINA

MILANO / REYKJAVÍK

Laugaveg 30a Sími 5344100

Sér *VON* » í dansinum

Dansinn hefur verið sterkt afl í lífi Láru Stefánsdóttur. Níu ára var hún komin á svið Þjóðleikhússins og átján ára gengin til liðs við Íslenska dansflokkinn. Síðan þá hefur hún sýnt og samið dansverk og hlotið ótal viðurkenningar fyrir. Nýjasta höfundarverkið er Von. Það verður flutt í óperunni nú um helgina ásamt Aurora Borealis sem er á leið til Japan í sýningarferðalag.

„Kannski er það draumur margra stelpna að verða dansari en sá draumur elti ekki af mér.“

ÓLJÓS MÖRK DRAUMS OG VERULEIKA

-Lára, ertu alin upp við dans eða hvaðan kemur þér áhuginn?

Ég var alltaf dansandi og þótti gaman að skemmta fólki með dansi þegar ég var barn. Svo hef ég kynnst mörgu góðu fólki í kringum dansinn og leikhúsið og það hefur hvatt mig áfram á þessri braut. Fyrir utan að ég á yndislega fjölskyldu sem hefur ávallt stutt við bak-ið á mér. Kannski er það draumur margra stelpna að verða dansari en sá draumur eltist ekki af mér.

-Draumar og vonir. Fjallar nýja verkid þitt ekki um það?

Jú, að einhverju leyti og er að stórum hluta innblásið af ljóðum Árna Ibsen rithöfundar. Það eru þrjár kynslóðir í verkinu og í því dansa þrjú pör. Það eru þau Saga Sigurðardóttir og Hannes Þór Egilsson sem bæði eru við nám erlendis, Saga í Hollandi og Hannes í Englandi. Skemmtilegir og góðir dansarar. Sjálf dansa ég við Vicente Sancho sem er spánskur og kemur úr dansandi heimi látbragðsins. Þá dansar Sverrir Guðjónsson söngvari ásamt Ingibjörgu Björnsdóttur sem margir þekkja sem fyrrverandi skólustjóra Listdansskólans. Sverrir er að taka sín fyrstu spor sem dansari og það er gaman að vinna aftur með gamla kennaranum mínum henni Ingibjörgu. Túlkunin er ólík hjá þessum þremur kynslóðum og það finnst mér afar spennandi að vinna með. Einnig er í verkinu kvikmynd sem Kristín Eva Þórhallsdóttir gerir. Oft krefst dansinn þess að það sé mikið að gerast á sviðinu og danssporin geta jafnvel þvalst fyrir þannig að túlkunin nái ekki að njóta sín til fulls. Mig langar meðal annars að kanna hversu lítið má vera að gerast á sviðinu til að það sé samt áhugavert. Þetta er vandstíginn línudans. Vatn hefur verið mér hugleikið í kringum vinnuferlið, meðal annars fyrir að vera sterkt tákn fyrir flæði og hringrás lífsins. Svo hef ég spáð í merkingu drauma til margra ára. Stundum finnst mér mörk draums og veruleika vera svo óljós. Er það sem okkur er að dreyma kannski veruleiki okkar? Annars finnst mér alltaf dálítið hættulegt að segja of mikið um hvað dansverk eru því fólk upplifir þau á svo mismunandi hátt. Þetta eru allt vangaveltur en engar lausnir og vonandi fær fólk eitthvað að hugsa um þegar það sér sýninguna. Tilgangurinn hlýtur alltaf að vera að skila einhverju til áhorfandans og ná sambandi við hann.

SNEMMA SPENNT FYRIR ÞVÍ AÐ SEMJA

-Hvaðan ertu, Lára?

Ég fæddist vestur á Ísafirði en ólst upp hér í Reykjavík, í Safamýrinni, Stigahliðinni og á Dragavegi. Sjálf hef ég svo búið í Vesturbænum í Reykjavík eftir að ég fór að ráða mér sjálf. Ég gekk í Álftamýrarskóla, Laugalækjarskóla og síðan Menntaskólann við Hamrahlíð. Ég byrjaði sjö ára að læra listdans hjá Þórhildi Þorleifs leikstjóra sem var nýkomin úr námi að utan og kenndi í Lindarbæ. Nemendur voru þá teknir níu ára inn í Listdansskóla Þjóðleikhússins og ég fór í hann þegar ég hafði aldur til. Þá fór ég strax að taka þátt í barnasýningum og fljótlega líka sýningum Íslenska dansflokksins sem ég var í til margra ára. Ég fékk snemma áhuga á að búa til eitthvað sjálf og vinna með hið leikræna í dansinum. Form líkamans geta tjáð tilfinningar fólks sterkar en nokkuð annað. Ég lenti í bilslýsi þegar ég var 21 árs og gat ekki sinnt dansinum í um það bil ár. Þá fór ég í Háskólann og lagði stund á uppeldisfræði auk þess að snerta aðeins á sálarfræðinni. Það tók tíma að ná upp þreki eftir slysið en ég byrjaði samt ótrúlega fljótt aftur að dansa. Þar kom þrjúskan að gagni og ég var líka með góðan lækni sem stappaði í mig stálinu.

-Finnst þér Íslendingar kunna nægilega að meta dans?

Já, ég held það svona yfirleitt, sérstaklega þegar þeir hafa kynnst honum að einhverju leyti. Dansinn sem slíkur hefur líka lengi verið



„Túlkunin er ólík hjá þessum þremur kynslóðum og mér finnst afar spennandi að vinna með það.“

eftirsóknarverður í leiksýningum þannig að hann nær að til fólks á mörgum stöðum og einnig eru athyglisverðir frjálsir danshópar fyrir utan Íslenska dansflokkinn.

VON Í LONDON

-Þú komst frá London til að setja upp Von. Björðu þar úti?

Já, ég og maðurinn minn Guðni Franzson tónlistarmaður fluttum fyrir ári síðan til London með strákana okkar, Hróar 13 ára og Stefán Franz sem verður tveggja ára í febrúar. Guðni hefur komið sér upp stúdíói á heimilinu þar sem hann getur samið og klippt tónlist ef svo ber undir. Hann semur einmitt tónlistina fyrir Von. Við höfum unnið það verk að miklu leyti úti í Englandi og verður gaman að fá tækifæri til að sýna það þar úti á næsta ári.

-Hvað ert þú að gera í London?

Ég er í skóla sem heitir Middlesex University. Þar stunda ég nám við nýja mastersdeild í kóreógrafíu og og spái í uppruna dansins og kenningar um hann. Dans er ekki bara spurning um spor eða flæði með músík. Hann getur líka verið ganga yfir sviðið með einni lítilli handar- eða höfuðhreyfingu, jafnvel kyrrstaða á sviðinu sem getur verið mjög krefjandi. Svo byggist námið líka á því hvernig á að lýsa dansi faglega og gagnrýna hann á uppbyggjandi hátt og það er heilmikil ögrun að skrifa ritgerðir á ensku, leita heimilda og annað slíkt. Þetta er allt mjög skemmtilegt og ég vona að það skili einhverju en það tekur alltaf tíma að melta hlutina. Mig langaði að fara út og víða að mér nýjum straumum og stefnum og fannst það liggja beint við eftir að ég hætti með Íslenska dansflokknum fyrir tveimur árum. Guðni hefur gert mér þetta kleift. Hann er svo duglegur að hugsa um drengina og heimilið. Okkur finnst Stefán Franz alveg á við þrjá en það

er kannski bara aldurinn hjá okkur foreldrunum sem segir til sín! En drengurinn er mikill gullmoli. Þegar hann er spurður „hvað gerir mamma?“ þá dansar hann og þegar hann er spurður „hvað gerir pabbi?“ þá þykist hann spila á blásturshljóðfæri. Hann hefur flakkað mikið með okkur og kemur með til Japan núna 24. nóvember. Hróar verður áfram heima hjá okkur í London og sækir drengjaskólann sem hann er í. Faðir hans, Sigurður Hróarsson, kemur þangað með fjölskyldu sína að hugsa um hann og svo eru foreldrar mínir þarna úti líka þannig að það verður vel að honum búið.

EKKI BARA DANS Á RÓSUM

-Hvað eruð þið Guðni að gera til Japan?

Við erum í hópi listamanna sem fer til Japan með dagskrá sem byggist á söng, lífandi tónlist, kvikmyndum og dansi. Sverrir Guðjónsson er listrænn stjórnandi hópsins. Við verðum í fjórar vikur og förum til sextán borga þannig að þetta verður stíft sýningarprógramm. Við flytjum hluta af því í Íslensku óperunni nú um helgina. Ég sem danskafla í sýningunni ásamt því að dansa með Lovísu Ósk Gunnarsdóttur og Ívari Erni Sværissyni. Sonur Ívars, tveggja ára, dansar líka.

-Þið hjónin vinnið mikið saman.

Já, það kemur fyrir. Við höfum ferðast mikið saman í gegnum tíðina í kringum starf okkar. Guðni hefur meira að segja tekið sporið með mér þó hann sé ekki mikið fyrir að dansa. En hann er mikill leikhúsmáður og við deilum sömu áhugamálum sem eru að sækja leikhús, góða tónleika og danssýningar.

-Hefurðu alltaf getað lifað af dansinum?

Já, með því að hafa tekið að mér önnur verkefni í leikhúsum og vinna mikið. Það hefði ekki nægt mér að vera bara dansari. Ég held reyndar að ég sé nálægt því að vera vinnualki og það segi ég ekki mér til hróss. En ég er heppin að hafa fengið nóg að gera í kringum dansinn. Hann hefur bæði verið atvinna mín og áhugamál ansi lengi. Annars á ég mér líka önnur áhugamál sem tengjast andlegum efnum og er fullgildur Pilates-kennari. Pilates er kerfi sem byggist á því að styrkja miðju líkamans og gera með því aðra líkamsparta frjálssari. Æfingarnar geta virkað eins og jóga því maður nær jafnframt að hvíla hugann og endurnæra. Frumkvöðull þessa kerfis var maður að nafni Joseph Pilates og það er að ryðja sér til meira og meira til rúms í Evrópu.

-Hvað tekur svo við að náminu loknu?

Það er óráðið en dansinn nýtist alltaf á einhvern hátt. Hann getur verið uppspretta að einhverju öðru. Í Pilates nýtist mér dansinn vel þar sem ég hef verið að vinna með líkamann allan minn feril. Það er líka frumskilyrði góðrar heilsu að þekkja líkamann sinn, við erum svo ólík og það er misjafnt hvað við þolum. Stersta verkefni lífsins væri auðvitað að læra að þekkja sitt eigið sjálf. Það er auðveldara að segja öðrum hvað þeir megi betrubæta í sínu

fari en að taka sjálfan sig í gegn. Ein sterkasta leiðin til að hafa góð áhrif á umhverfi sitt er eflaust að hver og einn byrji á því að rækta sjálfan sig.

-Að lokum. Ráðleggurðu ungu fólki að feta dansbrautina?

Já, ef það hefur hæfileika og ást á dansinum. Það þarf mikinn viljastyrk og það verður að vera viðbúið því að þetta er ekki bara dans á rósum.

„Guðni hefur meira að segja tekið sporið með mér þó hann sé ekki mikið fyrir að dansa þar fyrir utan.“



GLUGG-INN



FÁKAFENI 11, 108 REYKJAVÍK
BÆJARHRAUNI 12, 220 HAFNARFIRÐI

Hugmynd að matarboði

fyrir fjölskyldu og vini þar sem fyrirhöfnin á ekki að skemma stemmninguna og auðvelt er að matbúa fyrir fleiri en venjulega

Umsjón: Halla Bára Gestsdóttir
Myndir: Gunnar Sverrisson
ritstjórar tímaritsins Veggfóðurs



KJÚKLINGUR Í PAPRIKUMÖNDLUSÓSU

Þessi réttur er upphaflega gerður til að bera fram með pasta og er ljúffengur sem slíkur. Hann er það líka einn og sér og þá jafnvel með grillaðri papriku og góðu brauði. Mér finnst kosturinn við hann vera sá að hann er tilvalinn til upphitunar daginn eftir en þá hefur hann dregið í sig enn meira bragð.

Fyrir 4

- 4 kjúklingabringur, skornar í strimla
- 1 laukur, skorinn í strimla
- salt og svartur pipar
- 70 g möndlur, maukaðar í matvinnsluvél
- 2 dl paprikumauk/tapenade (úr krukku)
- 2 msk. mascarpone
- 4 msk. rifinn parmesanostur
- 3 dl vatn

Mýkið laukinn í olíu á pönnu í 2-3 mín. Bætið kjúklingnum saman við og látið brúnast aðeins. Hann á ekki að vera eldaður í gegn. Saltið og piprið eftir smekk. Stráið möndlunum yfir og hrærið (ath. að möndlurnar eiga að vera mjög vel maukaðar). Hellið paprikumaukinu út í og blandið vel saman. Setjið þá mascarpone á pönnuna, látið blandast vel. Stráið parmesan yfir. Setjið hluta af vatninu saman við og hrærið, látið malla svo kjötið eldist í gegn. Bætið síðan við vatnið eftir þörfum svo sósan verði ekki of þykk. Smakkið til. Berið fram með tagliatelle og parmesanosti.

Láttu það eftir þér að líta við í verslun okkar að Grensásvegi 48



Jólagjafaaskja Minni 18x26cm

Kryddgrafinn nautavöðvi

Hreindýrapaté

Kryddgrafinn lambavöðvi

Berjasósa fyrir paté

Laxa pate

Koníakssósa

Kryddblanda Gallery Kjöts 50 gr.

Verð kr. 3900



og fá þér

Jólagjafaaskja Stærri 25x35cm

Kryddgrafinn nautavöðvi

Hráverkaður nautavöðvi

Hreindýrspægipylsa

Hreindýrapaté

Laxa pate

Gæsalifrarpaté

Kryddgrafinn lambavöðvi

Berjasósa fyrir paté

Koníakssósa

Kryddblanda Gallery Kjöts 2x50 gr.

Verð kr. 5900



Hugmyndir að jólagjöfum til starfsmanna

Kæri framkvæmdastjóri /og eða starfsmannastjóri.

Nú líður senn að jólum og ekki seinna vænna en að huga að jólagjöfum til starfsfólksins. Við hjá Gallery Kjöti höfum um nokkura ára skeið boðið upp á gjafa körfur (bast) en erum nú kynna gjafaöskjur sem eru sér hannaðar að okkar óskum og innihalda ýmiskonar góðgæti sem gott er að maula á um jólin. Um árabíl hefur Gallery Kjöti verið í broddi fylkingar með jólagjafakörfur til starfsmanna fyrirtækja innanlands sem utan. Erum í dag með sér hannaðar gjafaöskjur að þýskri og ítalskri fyrirmynd þ.e.a.s eingöngu með okkar eigin framleiðsluvörum. Það er einlæg ósk okkar að starfsmenn í ykkar fyrirtæki fái að njóta þessara kræsinga um jólahátíðina.

DJÚPSTEIKTAR BRAUÐBOLLUR MEÐ MOSARELLA

Flestir eru hrifnir af nýbökuðu og volgu brauði. Þessar fylltu bollur fylla þann flokk hjá mér að vera ómótstæðilegar, hvort sem er með mat sem þessum eða bara einar og sér (sérstaklega með diet-coke). Þær eru líka flottar sem smáréttur en þá þarf að gera þær mun minni en ég geri ráð fyrir hér.

gerdeig, heimalagað eða olía til steikingar
 keypt tilbúið Maldon-salt
 1 mosarellakúla

Skerið ostinn í litla teninga. Takið smá hluta úr deigi, hnoðið að eins saman (magnið skal vera eins og í litla brauðbollu), setjið ost-tening inn í bolluna og lokið henni svo osturinn flæði ekki út í steikingunni. Fletjið bolluna aðeins út og pikkið með hnífisoddi. Hitið olíu í potti. Dýptin þarf að vera um 4 cm í potti. Ath. hvort olían er nógu heit með því að stinga tannstongli ofan í hana. Ef bubblar upp meðfram honum þá er olían tilbúin. Setjið eina bollu í einu í olíuna. Snúðið bollunum við og látið þær ná gullnum lit. Takið upp úr pottinum og setjið á eldhúspappír. Saltið örlítið. Berið bollurnar fram heitar.



FLJÓTANDI SÚKKULAÐIKAKA

Sennilega er ég áhugamaður um súkkulaðikökur og það fáar súkkulaðikökuuppskriftir fram hjá mér. Þessi finnst mér sérlega þægileg sem eftirréttur fyrir marga. Það sem er öðruvísi við hana er að hún er mjög mjúk og fljótandi og bökuð í einu stóru fati, en ekki mörgum litlum eins og venjan er með kökur sem þessar. Hvíta súkkulaðið gerir líka mikið.

Fyrir 4-6

300 g dökkt súkkulaði 1/2 tsk. lyftiduft
 120 g smjör örlítið salt
 60 g sykur 3/4 bolli mjólk
 2 egg og 3 rauður 100 g hvítt súkkulaði, saxað
 5 msk. hveiti

Bræðið súkkulaði og smjör saman í potti á vægum hita. Kælið aðeins. Hrærið egg, rauður og sykur vel saman þar til létt og ljóst. Hellið súkkulaðinu saman við og hrærið. Blandið þá þurrrefnunum út í og hrærið ásamt mjólkinni. Smyrjið ofnfast mót og hellið deiginu í. Hafið það ekki mjög þunnt í mótinu, a.m.k. 3 cm. Stráið hvíta súkkulaðinu yfir og hrærið svo það blandist deiginu. Setjið í 220 gráðu heitan ofn og bakið ofarlega í ofni í 12-15 mínútur. Skoðið þá kökuna og ath. hvort hún er Ænógu bökuð. Ef ekki bætið þá við 2 mín. í einu við bökunartímann. Kakan þarf að vera búin að loka sér vel að ofan en bylgjast til þegar formið er hreyft. Ef hún er bökuð of mikið þá verður úr bara hefðbundin súkkulaðikaka. Berið fram heita með rjóma, sýrðum rjóma eða ís. Einnig sérlega gott að hafa ýmiss konar ávexti og hvað þá karameliseraða!

CANDEREL

Ótrúlega létt

Canderel er gott bæði á heita rétti sem kalda. Það gefur gott sætubragð en án beiska bragðsins sem einkennir sum sætufni og án kalorianna sem eru í sykri. Því segjum við: Sætt án samviskubits

Grim's
Heilsubuff

Gulrótar- og
linsubaunabuff

Ítalskt
linsubaunabuff

Hvítlauks- og
hvítbaunabuff

- *Matur er
mannsins
megin*

ENGAR TÖFRALAU SNIR...

**...BARA HOLLUR OG
GÓÐUR MATUR.**

Culiacan
MEXICAN GRILL

FAXAFENI 9
S. 533 1033

ALLAR UPPLÝSINGAR Á WWW.CULIACAN.IS

Hátíðarvín í Vínbúðum

ANTINORI: Þekktustu vín Ítala

Um helgina hefjast kynningardagar í Vínbúðum og verða vínin með hátíðarmatnum á boðstólum á sérstöku kynningarverði. Eitt þeirra vína er Villa Antinori og gefst gestum Vinsýningarinnar í Smáralind um helgina kostur á að smakka þetta kunna vín á bás innflutningsaðilans Globus hf. Sýningin verður opin á laugardag og sunnudag frá 14 til 18 og er aðgangseyrir 1000 kr. Antinori-fjölskyldan hefur ræktað vín óslitið í sex aldir í Toskana og Umbríu. Í nýlegri alþjóðlegri könnun kom fram að Antinori er kunnasti vínframleiðandi Ítala, sá framleiðandi sem flestir nefndu er beðið var um dæmi um ítölsk vín. Vínin frá Antinori eru Íslendingum að góðu kunn og hafa bæði toppvín fyrirtækisins og alþjóðleg borðvín selst vel hérlendis.



Villa Antinori á kynningarverði

Villa Antinori Rosso 2002 er annar árgangur Villa Antinori sem er í lgt-reglugerðinni en áður var vínið í hinni klassíska DOCC-reglugerð. Hér er ekki eingöngu notast við hina ítölsku sangiovese-vínþrúgu heldur eru einnig 20% af cabernet sauvignon, 15% merlot og 5% syrah. Vínið hefur djúpan dökk-an blóðrauðan lit. Proskað tannín og mild eik einkenna vínið. Smellpassar með lamba- og nautakjöti og ítölskum réttum, t.d. bragðmiklu pasta.

Kynningarverð í Vínbúðum 1.490 kr.

Klassíkin Santa Cristina

Santa Cristina hefur áratugum saman verið mest selda vínið frá Toskana hérlendis. Vínið hefur tekið miklum breytingum í árana rás og er eitt besta dæmið um hve þróunin í ítalskri víngerð hefur verið mikil en þar hefur Antinori greifi verið brautryðjandi. Þessar breytingar hafa viðhaldið vinsældum Santa Cristina og hefur það hlotið fjölmörg verðlaun og nánast verið áskrifandi að titlinum íbestu kaupí í ítölskum vínunum. Vín sem hentar með grillinu og með flestum pastaréttum þar sem kjöt kemur við sögu. Einnig hentar það með fiskréttum ef vínið er aðeins kælt.

Verð í Vínbúðum 1.090 kr.
Fæst einnig í hálfflöskum á 590 kr.

ÉG HRASAFI EKKI
 UM PRÖSKULDINN
 Á MOKKA. Ég gekk
 beint til þín. Þú varst
 að drekka millisterkan
 með mjólk eins og
 síðast, en ekki á
 sama borði.
 Sæll og velkominn,
 sagði ég, má ég
 setjast hjá þér.
GJÖRÐU SVO VEL.



„Bók Steinunnar bittir beint í hjartastað ... miðlar tilfinningum sem vaxa og dafna við lestur bókarinnar ... Það er í henni einhver innvi ljómi.“ Skafti Þ. Halldórsson, Mbl.



Þórhildur elín elínardóttir

með barn undir betli

Að eignast barn – með einum eða öðrum hætti

Stundum hef ég furðað mig á því náttúruvali að sumt aldeilis afbragðs fólk getur ekki eignast börn með líffræðilegum aðferðum. Einhverjir eru á grensunni og tekst með tækni og heppni að verða foreldrar en það eru alltaf nokkrir sem verða alveg útundan. Um leið heyrum við hræðilegar sögur af óhæfum uppaldendum sem þó kyngir niður afkvæmunum hjá, fólk sem árum saman kemst upp með að vanrækja börnin sín eða beinlínis misþyrma þeim. Og á meðan við grátum yfir minningum fórnarlambanna og däumst að styrk þeirra til að lifa af eru enn litlar Thelmur um allt land sem einhver er að nýðast á.

Sögur þeirra hetja sem hafa sigrast á hremmingunum eru ekki til dægrastyttingar, heldur eiga að vera okkur hvatning til að opna augun fyrir því sem á sér stað í kringum okkur, núna. Við berum öll ábyrgð hvert á öðru, líka á öðrum börnum en okkar eigin.

Það góða fólk sem vill svo gjarnan verða foreldrar en getur ekki á um tvo kosti að velja: reyna ættleiðingu eða gleyma þessu. Æ fleiri heyri ég um sem velja fyrri kostinn, því í okkar grimma heimi eru milljónir munaðarlausra barna sem þurfa á góðu heimili að halda. Nokkrir hópar hafa undanfarin ár ferðast í aðrar heimsálfur til að eignast barn. Áður en að þeirri stóru stund kemur þarf fólk þó að gangast undir rækilega hæfnisskoðun á öllu mögulegu praktísku og persónulegu og flestir þurfa að biða í marga mánuði eftir að öll pappírsvinnan er frágengin og þau hafa fengið mynd og lágmarksupplýsingar af barninu sínu með póstinum. Það er bið sem ég hef ekki heyrt eitt einasta foreldri kvarta yfir.

Sennilega þurfum við verðandi mæður og feður þennan aðlögunartíma hvernig sem við eigumst barnið, að minnsta kosti finnst mér þessir níu mánuðir sem nú eru næstum liðnir frá því litli unginn minn varð til alveg mátulega margir.

En ég hef velt því fyrir mér hvort tilfinningin sé svipuð. Að ganga með barn sem er líffræðilega manns eigið eða eignast barn sem önnur kona fæddi fyrir mann. Að enn í dag skuli vera ótal konur sem ekki eigi annan kost en að þurfa að yfirgefa hvítvoðunginn sinn er óbærileg tilhugsun en jafnframt hvarflar að mér að með því hafi þær kannski sýnt mesta kærleikinn. Og það er frábært að heyra í fólk sem hefur fengið að eignast barn með ættleiðingu. Ég sé ekki betur en meðganga þeirra sé að mörgu leyti mjög lík minnum eigin meðgöngum. Þau losna reyndar við einhverja líkamlega kvilla en hormónaflæðið er alveg örugglega til staðar. Andlega hliðin er sennilega líka svipuð og hinn praktíski undirbúningur flóknari ef eitthvað er. Sumir halda úti heimasíðum sem sýna ferðalagið svo við hin getum lifað okkur inn í aðstæðurnar. Ég er auðvitað kveif að upplagi og á meðgöngunni hefur viðkvæmnin margfaldast svo frásagnir fólks af því þegar það hittir barnið sitt í fyrsta sinn láta mig gráta með ekkasögum.

Því það er ekki aðferðin við barneignir sem skiptir máli. Þeir einir eru hæfir foreldrar sem elska börnin sín, sinna þeim með gleði og láta þau ganga fyrir öðru í lífinu. Því þó meðganga og fæðing sé stórfengleg reynsla er það bara formálinn að bókinni sjálfri.


Sofðu unga ástin mín

Ef það er eitthvað sem er ofarlega á óskalista nýbakaðra foreldra þá er það svefn. Það getur verið erfitt að finna tíma til þess að sofa fyrstu vikurnar og mánuðina eftir fæðingu barnsins en það er samt hægt með ákveðinni leikni.

- 1 Búið til skilti á dyrnar sem á stendur að móðir og barn séu sofandi og fólk sé vinsamlegast beðið um að banka hvorki né hringja dyra-þjöllunni nema búist sé við því. Setjið skiltið upp hvenær sem ykkur dettur í hug og hafið það uppi eins lengi og þið viljið.
- 2 Setjið alla síma á hljótt og hringið bara til baka í fólk þegar ykkur hentar. Það verður einfaldlega að skilja það að þið eruð upptekin við annað.
- 3 Leggið ykkur alltaf þegar barnið leggur sig. Reynið að standast þá freistingu að nota tímann til þess að vaska upp eða hengja upp þvott.
- 4 Sofið í sama rúmi og barnið eða nálægt því. Ef allra varúðarráðstafanna er gætt er það best því að nálægðin gerir það að verkum að bæði barn og foreldrar sofa betur.
- 5 Þiggjið alla aðstoð ættingja og vina með þökkum. Leyfið þeim að koma í heimsókn og þvo þvott eða elda fyrir ykkur á meðan þið fáíð að leggja ykkur.
- 6 Farið í heitt bað með barninu á kvöldin áður en þið farið í rúmið. Það hjálpar ykkur báðum að slaka á og þið sofið betur.
- 7 Passið að barninu sé nógu hlýtt á nóttunni en gætið þess að því sé ekki of heitt. Börn sem sofa uppi í rúminu hjá foreldrum sínum þurfa ekki að vera eins vel klædd á nóttunni.
- 8 Ef þið gefið brjóst og barnið sefur uppi í rúminu hjá ykkur, reynið þá að gefa því liggjandi á hliðinni á nóttunni. Þá getið þið sofið eða að minnsta kosti dottað á meðan. Barnið sofnar líka strax aftur ef að það fær brjóst um leið og það umlar og það þarf ekki að taka það upp eða færa það mikið til.
- 9 Hafið dimmt í svefnherberginu ef þið gefið brjóst á nóttunni. Barnið lærir þá fljótt að á nóttunni á að sofa en ekki leika sér.
- 10 Haldið ró ykkar þó að þið þurfið að vakna oft á nóttunni. Ef þið verið stressuð og pirruð finnur barnið það strax og verður líka stressað og pirrað. Ef þið reynið að slaka á og muna að það kemur að því aftur að þið fáíð að sofa heila nótt verður barnið líka rólegra og þá eru meiri líkur á því að það sofi lengur.



Vettlingar



Verð frá
989.-



4 dot....

Laugavegi 100, S. 561 9444

Hagkaupum Smárafind • Hagkaupi Skeifunni • Hagkaupum Kringlunni

ULLARVEÐUR


*Góð og hlý ullarföt fyrir krakka á öllum aldri og foreldrana líka.
Gott verð!*

JANUS

Barónstíg 3 • 101 Reykjavík • s. 552-7499
Opíð :
mán.- fös. 1100-1800 laug. 1100-1600

Barnaskór í miklu úrvali

-vandaðir, fallegir og á frábæru verði.



PAMPILI

Gæða barnaskór

Einnig skór á alla fjölskylduna stærðir uppí 50

Gabor

CAMEL
ACTIVE

DTsport

Light Step

Ný verslun

XENA

GLÆSIBÆ S: 553 7060

XENA

MJÓDDINNI S: 557 1291



brynhildur björnsdóttir stingur í samband

Að skjóta (sig) framhjá

Framhjáhald er félagslegt fyrirbæri í samfélagi þar sem siðferði er á reiki og ekki eru allir sammála um hvað er rétt og hvað rangt. Umhverfið gefur þeim sem eru í samböndum tvöföld skilaboð, þú átt helst að vera í pari, ástfangin og samfélagsvæn eining sem á og elur upp þjóðfélagsþegna en þú átt líka að vera stakur neytandi sem þarf að halda í stöðugri ófullnægju með líf þitt svo þú fjárfestir í fleiri hlutum eða aðferðum til að gera þig hamingjusama(n). Og svo má ekki gleyma þeirri rómantísku hugmynd að ástin eigi að vera erfið, ástríðufull af sársauka og helst í meinum eða leytnum til að hún nái að blómstra. Róleg og afslöppuð ást er að þeim forsendum gefnum leiðinleg og óspennandi. Allt þetta verður til þess að framhjáhald er alltaf kostur sem hægt er að grípa til og réttlættingarnar eru á hverju strái.

Flestir sem halda framhjá maka sínum gera það samt í felum og án þess að segja frá. Til þess liggja margar ástæður. Eftir margra ára samvistir hefur kannski eðli sambandsins breyst úr ástarsambandi í gagnkvæmt hagsmun- og vináttusamband þar sem barnauppleði og sameiginlegar eignir gegna lykilhlutverki en líkamlegar og rómantískar þrjár eru fjarri fyrsta sætinu. Margir treysta sér ekki til að leysa upp heimilið, geta ekki hugsað sér aðskilnað við börnin sín eða einfaldlega vilja ekki missa besta vininn sinn þó ástin og lostinn séu ekki til staðar lengur.

Margir fordæma framhjáhald á þeim forsendum að það séu verstu svik sem hægt sé að fremja á meðan aðrir sjá það sem einu leiðina til að bjarga hjónabandinu sínu. Enn aðrir finna fyrir ófullnægju í lífi sínu og trúa þeim skilaboðum umhverfisins að nógu ákaft kynlíf með fjölda manns geti fyllt upp í tómarúmið innra með þeim. Og svo eru þeir sem búa yfir hæfileikanum til að elska fleiri en einn einstakling og lenda í því að gera það, jafnvel alveg óvart.

Auðvitað er ekkert framhjáhald einfalt. Engin(n) (eða vonandi mjög fáir) ætla sér að særa sambylisfólk sitt og börn með því að verða ástfangin(n) af einhverjum öðrum. En það getur samt alveg gerst. Ekkert er svart og hvítt í heiminum. Ástæður til framhjáhalds geta verið mismunandi og engin(n) er þess umkominn að setja sig í dómarasæti yfir þeim sem skjóta framhjá sambandinu sínu, einu sinni eða oft.

Um virðingu gegnir hins vegar öðru máli. Ef þú hefur lofað tryggð og trú til áviloka, ef þú hefur eignast börn með einhverjum og byggt framtíð er algert lágmark að þú berir þá virðingu fyrir sambandinu, börnunum og lífinu að þú sért ekki í sleik úti á miðju gólfi fyrir allra augum á árshátíð fyrir-tækisins sem þú vinnur hjá við einhvern annan en makann þinn. Er það ekki...?

Töfrandi kvöld

Galdrar og kukl ýmiss konar hefur notið æ meiri vinsælda undanfarin ár enda margir sannfærðir um að það sé ýmislegt milli himins og jarðar sem vísindin hafa engin svör við. Uppskriftin að fullkomnu kvöldi er afar einföld. Það þarfnast reyndar nokkurs undirbúnings en með sjálfs-traustið í lagi eru þér allir vegir færir.



Fullt tungl vaðandi í skýjum er ákjósanlegt en alls ekki nauðsyn þegar galdra á fram hið fullkomna kvöld.

1. Farðu með þessa þulu við sólarupprás og sólarlag á hverjum miðviku-degi: *Ég er ómótstæðileg(ur) þokka-guð/-gyðja. Ég á skilið allt það besta í heiminum svo lengi sem ég ber virðingu fyrir sjáfri/-um mér og öðrum.*
2. Hentu þurrkaðri rós á stórt dagatal og bjóddu þeim sem hjarta þitt gírnist út að kvöldi þess dags sem rósin lendir á.
3. Þann dag skaltu undirbúa þig vel. Farðu í langt bað og settu í það eina teskeið af allrahanda til að krydda tilveruna, eina teskeið af pipar svo

þú piprir örugglega ekki og ólífuolíu af því að hún er svo góð fyrir húðina. Í baðinu skaltu dreypa á kampavínu með þremur dropum af jasmínolíu sem smyr þig að innan og léttir lund.

4. Áður en þú ferð út skaltu dreypa þremur dropum af olíu jurtarinnar Spánarljóss (á latínu *tuberosa*) létt á ökkla þína og nudda vel því jurtin sú er einstaklega kynörvandi. Hún blómstrar á sumrin í Lystigarðinum á Akureyri.
5. Nú ertu ómótstæðilegt þokkadýr og skalt drífa þig út á vit ævintýrana.

stjörnuþá

★★★
24. nóvember

HRÚTUR 20. MARS – 19. APRÍL

Þú þarft aðeins að fara að slaka á í atvinnulífinu og einbeita þér að nærtækari og persónulegri málum eins og fjölskyldu, heimili og jólaundirbúningi. Ekki láta viðburðaleysi fara í taugarnar á þér heldur njótu þín í faðmi þinna nánustu.

NAUT 20. APRÍL – 20. MAÍ

Það er afar mikilvægt þessa dagana að þú passir vel upp á heilsuna og fáir nægan svefn og hollan mat. Stór verkefni bíða þín á næstunni og þú verður að hafa alla þína orku til að ráða fram úr þeim.

TVÍBURI 21. MAÍ – 20. JÚNÍ

Ekki hætta í ræktinni þó það sé mikið að gera hjá þér þessa dagana. Þú þarft á útrásinni að halda og þér líður líka miklu betur þegar líkaminn hefur við andanum á fluginu.

KRABBI 21. JÚNÍ – 22. JÚLÍ

Rómantíkin er í hápunkti um þessar mundir og þú ert svo vinsæll að það er beinlínis neyðarlegt á köflum. Ef þú ert einhleypr skaltu vanda þig að velja og hafna en ef þú ert á föstu skaltu beina aðdráttaraflinu á réttan stað.

LJÓN 23. JÚLÍ – 22. ÁGÚST

Ýmis tækifæri glitra við sjóndeildarhringinn en þú skalt samt vera á varðbergi. Það borgar sig ekki fyrir þig að rasa um ráð fram og ana út í einhverja vitleysu. Taktu málnum með ró og eitt skref í einu, það skilar þér bestum árangri.

MEYJA 23. ÁGÚST – 21. SEPTEMBER

Ástalífið gæti sveiflast allsýgilega hjá þér núna frá hita og yfir í kulda. Þú getur ekkert gert í þessu annað en að halda ró þinni og einbeitt þér að því að finna út hvað þú raunverulega vilt og hvort þú nennir þessu til lengdar.

VOG 22. SEPT. – 22. OKTÓBER

Allt hefur gengið þér í hag undanfarið nema kannski helst fjármálin. Biddu um kauphækkun og ef þér er ekki ansað skaltu fara að líta í kringum þig. Fullt af fyrirtækjum vantar einmitt einhvern eins og þig.

SPÖRÐREKI 23. OKT. – 21. NÓVEMBER

Þú hefur þurft að standa og sitja eftir dyntum annarra allt of lengi og nú er kominn tími til að hætta því. Notaðu tækifærið þegar það býst og vertu sjálfstæður og fastur fyrir án þess þó að vera ósveigjanlegur.

BOGMADUR 22. NÓV. – 21. DESEMBER

Ef þú átt gæludýr á það eftir að þurfa sérstaka athygli frá þér í þessari viku. Taktu þér tíma til að komast að því hvað bjatar á og sinnu því vel. Ef þú átt ekki gæludýr gæti hið sama átt við heimilisvin.

STEINGEIT 22. DES. – 19. JANÚAR

Dagurinn í dag er mjög hættulegur í ást-ur og stríði og þú skalt reyna að gera sem minnst þangað til klukkan slær á miðnætti. Allra síst að senda tölvupóst eða símaskilaboð því þau eiga örugglega bara eftir að valda misskilningi.

VATNSBERI 20. JAN. – 18. FEBRÚAR

Þú ert skapandi og listrænn en verður öðru hvoru að beygja þig undir smásmugulegheit annarra. Vertu þolinmóður í bili, þú færð að skína en í bili borgar sig að láta sköpunargáfuna liggja milli hluta.

FISKAR 19. FEBRÚAR – 20. MARS

Ferðalag væri afar góð hugmynd fyrir þig, hvort heldur er helgarferð innanlands eða utan. Hafðu þetta óslukortíð meðferðis en mundu að þetta er ekki verslunarferð heldur þarftu meira á frið að halda en einhverju jólastressi.

Undirbúum jólin með börnunum

Jólafundur fyrir alla krakka Sýnikennsla í jólakortagerð

frá 95 kr.

Föndur og gjafavara

FONDRA

Dalvegi 18 - 201 Kóp. Sími 568 6500 www.fondra.is **OPIÐ VIRKA DAGA 10-18, LAUGARDAGA 11-16**

Fake Bake

Fyrir og eftir meðferð með Fake Bake

Fake Bake

Útsöluastaðir Fake Bake eru:

Paradís, Helena fagra, Dekurhornið, Salon Ritz, Snyrtistofa Agnesar, Englakroppar, Snyrtistofan Hrund, Hress heilsurækt, Snyrtistofa Ragnheiðar Egilsstöðum, Táin og Strata Sauðárkróki, Stúdíó 1 Hjallabrekku, Snyrtistofa Grafarvogs, Snyrtistofan Jara Akureyri, Snyrtivörudeildir Hagkaupa, Debenhams, Apótek Siglufjarðar, Átak líkamsrækt Stykkishólmi, Snyrtihöfíð Vestmannaeyjum, Sólbaðsstofan Linda Bolungarvík, Snyrtihreiðrið Þorlákshöfn, Litla búðin Akranesi, Hársnyrtistofa Ingibjargar Höfn, Hárgreiðslustofan Ozone Selfossi

- STÆRRA HÚSNÆÐI
- MEIRA VÖRUÚRVAL
- ENN HAGSTÆÐARI VERÐ



Grant sófasett 3+2

- Áklæði með óhreinindavörn
- Litir: Sandlitað • brúnn

kr.79.900.-

Verð áður: 129.900

Einnig fáanlegt með tveimur stærri bakpúðum

TAKTU FORSKO

SETT HÚSGAGNAVERSLUN FLYTUR UM ÞESSAR MUNDIR Í NÝTT OG GLÆSILEGT HÚSNÆÐI AÐ **ASKALIND 2A Í KÓPAVOGI**. AÐ ÞVÍ TÍLEFNI VILJUM VIÐ BJÓÐA VIÐSKIPTAVINUM OKKAR SÉRSTAKAN **FRAMKVÆMDA AFSLÁTT** SEM VEITIR FRÁBÆRT TÆKIFÆRI TIL AÐ GERA KJARAKAUP FYRIR JÓLIN.

Megan hægingdastóll

- Ítalskt leður og Microfíberáklæði
- Litir: Dökkbrúnn • ljósbrúnn, svartur • gulur

kr. 59.900.-

Verð áður: 79.900



Rafmagnsnudd

Premium svefnsofi

- 2ja sæta svefnsofi með heilsudýnu
- Microfíberáklæði
- Litir: ljós (beige)

kr.84.900.-

Verð áður: 114.9000



Yfirdýna fylgir

Megan 3ja sæta hægingdasófi

- Ítalskt leður og Microfíberáklæði
- Litir: Svartur og dökkbrúnn

kr.119.900.-

Með ítölsku leðri • Verð áður: 179.900

kr.89.900.-

Með Microfíberáklæði



Útdregið borð í miðju sæti



Hægindastóll

- Með ruggu • hátt bak
- Microfíberáklæði • leðuráklæði
- Litir: Svartur • dökkbrúnn

kr.34.900.-

Með Microfíberáklæði • Verð áður: 46.500

kr.43.900.-

Með ítölsku leðri • Verð áður: 58.500



Hægindastóll

- Microfíberáklæði
- Litir: Ljósbrúnn • brúnn

kr.24.800.-

Með Microfíberáklæði • Verð áður: 38.900

kr.34.900.-

Með ítölsku leðri • Verð áður: 00.000

ÖT Á SÆLUNA



Tungusófi • skemill fylgir

- Microfíberáklæði
- Litir: ljóst (beige) • ljós grænn

kr.108.600.-

FULL VERSLUN AF NÝJUM VÖRUM

SÓFASETT • HORNSÓFAR • TUNGUSÓFAR • ÚRVAL AF HÆGINDASTÓLUM
ÚRVAL AF SVEFNSÓFUM • RÚM Á ÓTRÚLEGU VERÐI MEÐ 15 ÁRA VERKSMÍÐJUÁBYRGÐ
SÓFABORÐ • BARSTÓLAR • YFIRDÝNUR • SMÁVARA

SETT

H Ú S G A G N A V E R S L U N

OPNUNARTÍMI: **MÁNUD - FÖSTUD** 11:00 - 18:00 **LAUGARDAGA** 10:00 - 16:00 **SUNNUDAGA** 12:00 - 16:00

SETT HÚSGAGNAVERSLUN • ASKALIND 2A - 201 KÓPAVOGUR - SÍMI 534 1400 - WWW.SETT.IS

8 Átta leiðir að flötum maga

1 Hættu að blekkja þig og byrjaðu að æfa

Líkaminn þarf á allhliða hreyfingu að halda. Þú gætir verið með mjög sterka magavöðva



nú þegar en þeir sjást ekki því þeir eru faldir undir líkamsfitu. Þú ert með þrennskona

magavöðva og til að fá flatan maga er nauðsynlegt að þjálfá þá alla. Því meiri fjölbreytni því betra. Blönduð líkams-hreyfing og fjölbreytt er best. Eróbíkk, ganga, sund, hjólaríðar í bland við lóðalyftingar, magaæfingar og aðrar þrekæfingar. Mundu að það er ekki hægt að tapa kíló á einum stað á líkamanum þú verður að þjálfá hann allan.

Óskir þú þess að maginn væri heldur flatari en hann er núna skaltu fylgja eftirfarandi ráðum. Magaæfingar eru ekki eina vopnið í baráttu við sístækkandi bumbu og nauðsynlegt er að huga að öðrum þáttum líka.

2 Dill og steinseljute

Dill- og steinseljute hjálpa til við að draga úr þrútnum maga. Settu matskeið af sneiddri steinselju og teskeið af muldu dilli í glas og bættu við soðnu vatni. Lokið glasinu og látið standa í tíu mínútur. Sigtu svo vatnið og drekkið strax næsta morgun. Steinseljan er hreinsandi og kemur í veg fyrir bjúgsöfnun og dillið er vindlosandi. Fennel er einnig gott gegn loftsöfnun líkamans.

3 Gullna reglan um vatn og trefjar



Vatn og trefjar hreinsa líkamann að innan. Parmarnir verða hreinni og þar með „greiðari“. Hægðartregða getur leitt til að maginn blæs upp. Þjáist líkaminn af ofþornun reynir hann að halda í vatnið sem er í fitunni í kringum magann, enda á líkaminn auðveldara með að geyma vatn þar sem fitan er. Ekki þamba vatnið í lítratalið það fer illa með nýrun. Súptu á vatni allan daginn um tvo lítra til að ná vökvæðun.

4 Út með hvíta hveitið

Hvitt brauð og pasta hafa þann leiðinlega eiginleika að setjast á magasvæðið og hvoru tveggja er ríkt af glúkosa sem leiðir til gríðarlegrar vatnssöfnunar.



Skiptu út hvítu hveiti fyrir trefjar, bæði er það hollara og hvíta hveitið stíflar þarmana og blæs út magann. Gerðu bara tilraun. Fáðu þér þykkbotna pítsu- botn úr hvítu hveiti og sjáðu hvernig maginn blæs út.

5 Minnkaðu

kjötát

Kjöt er erfitt að melta og getur staldrað við í maganum í marga daga. Reyndu að borða meira af grænmeti og tófú. Grænmetið inniheldur prótein sem er auðmeltanlegra. Minnkaðu kjötátið og reyndu að borða ekki meira en eina máltíð á dag.

6 Slepptu saltinu

Salt leiðir til vökvæðunar líkamans. Ávextir og grænmeti eru rík af kalíum og hjálpa líkamanum að losa sig við salt og þar með vatnssöfnun og bjúg.



7 Skref fyrir skref

Gakktu á hverjum degi. Það er alltaf einhver vegalengd til að ganga. Leggðu bílnum lengra frá vinnustaðnum. Labbaðu út í búð, í bankann, upp og niður stígann í blokkinni meðan þú talar í símann og þess háttar. Ganga hjálpar til við brennslu.

8 Boltaðu bumbuna

Rannsóknir sýna að æfingar sem eru gerðar á æfingabolta eins og finnast á mörgum heilsuræktarstöðvum eru mun árangursríkari en séu þær gerðar á stól eða bekk. Boltinn er valtur og ómeðvitað reynir þú á alla magavöðvana með því að reyna að halda jafnvægi.

BÓLURNAR BURT



Silicol Skin®

Fæst í öllum apótekum

GEORGE FOREMAN

HEILSU OG SÆLKERAGRILLIN



Reykjavík: Hagkaup, Expert, Elio, Byko, Þyggj & Búð
 Háfrunþjóðar: Kofnemi, Fjarfarkaup
 Akureyri: Byko, Hagkaup
 Selfoss: Arveterni, Byko
 Stykkishólmur: Hornshorvú
 Reykjaneshar: Byko
 Akranes: Hjússjón
 Vesturkyjar: Grúg

Stiguhöðvar: Cjótakot
 Hónavík: Öryggj
 Ísaförðar: Þrostur
 Bergarnes: Samkaup

Egghstaðir: Svani K18
 Neskaugstaðir: Kofneta
 Reykjavík: Byko
 Fréttir frá Koffelvikurflugvelli

MARCO holdverskun
www.marco.is

Sykurlaus jógúrt!

Lífræn íslensk
hollusta



Kýrin Kinna er eingöngu fóðruð á grasi

Hreina lífræna jógúrtin frá Biobú er framleidd án sykurs. Jógúrtin, sem er holl og næringarrík, er góð ein og sér og einnig tilvalin í salatsósar og aðra matargerð.

Biobú framleiðir einnig lífræna jógúrt með jarðarberjum og músli og ávöxtum. Aðeins er notaður lífrænn hráskykur í þessum tegundum.

Bio·Bú



Biobú ehf. • Stangarhyl 3a
 Sími: 587 4500
 Netfang: biobu@biobu.is
www.biobu.is

Frísklegri og fallegrri húð

- NeoStrata húðvörur innihalda ávaxtasýrur, en rannsóknir sýna að þær hafa verulega bætandi áhrif á húðina.
- NeoStrata húðvörurnar gefa húðinni jafnari hörundslit, heilbriggt og frísklegt yfirbragð.
- NeoStrata húðvörur eru þróaðar af húðlæknum og framleiddar eftir ströngustu gæðakröfum.

NeoStrata®

Fæst í apótekum

Það sem við á að hafa

Fylgihlutir eða „accessories“ eins og þeir kallast á útlensku er í raun samheiti yfir allan þann tiskuvarning sem er ekki flík. Þar má nefna töskur, skartgrip, úr, sólgleraugu, hárskraut og sumir vilja einnig láta þetta samheiti ná til sjala. hatta trefla og hanska. Skór teljast kannski ekki beint til fylgihluta en eru þó oft nauðsynlegir til að styðja við fylgihlutina. Það er gaman að nota flotta fylgihluti en alls ekki sama hvernig það er gert. Fylgihlutir geta nefnilega bæði gert heildarsvipinn fullkominn og líka eyðilaggt hann ef rangt er að málunum staðið.



Ekki blanda saman tveimur stílum

Ef þú ætlar að vera með indíánalegt fjaðraskraut er alveg glatað að vera með JackieO-sólgleraugu. Notaðu fylgihlutina til að búa til heildarmynd en ekki til að líta út eins og bás í Kolaportinu.



Ekki blanda saman fleiri en þremur litum

og oftast ekki fleiri en tveimur. Oftast er flottast að hafa skó, belti og tösku í sama lit og fötin sjálf svo í öðrum lit. Ef fylgihlutirnir eru í afar hlutlausum lit, til dæmis svörtum, hvítum eða brúnum er hægt að komast af með að bæta einum hlutlausum eða daufum lit við en aldrei vera í fleiri litum en þremur. Hér sýnir hjartaknúsarinn Don Johnson nákvæmlega hvernig á að gera þetta.



Ekki láta fylgihlutina alveg yfirbuga fötin

Peir eiga að undirstrika en þú vilt ekki vera þessi með TÖSKUNA eða ÚRIÐ, að maður tali nú ekki um HATTINN!! Ef þú ert til dæmis með stóra og flotta eyrnalokka ættirðu ekki að bera neitt annað skart og helst vera með lítið áberandi tösku og höfuðfat.



Ekki hafa of margt í sama lit eða stíl

Það er auðvitað hægt að fá skó, belti, tösku, eyrnalokka, hálsfesti, hanska, slæðu og hárskraut í um það bil sama litnum en það verður dálítið eins og þú hafir dottið ofan í málningardollu. Og þó hún sé í tiskulitnum í ár gerir það málið ekki mikið skárna.



Handsmíðaða skartið hennar Önnu Maríu



ANNA
MARÍA
DESIGN

GULLSMÍÐUR

Skólavörðustíg 3
Sími: 551 0036

Íslensk hönnun




HÚFUR
SEM
HLÆJA

Laugavegi 70
www.hsh.efh.is



TÍMADJÁSN
SKARTGRIPAVERSLUN
GRÍMSBÆR • 108 REYKJAVÍK
S: 553 9260

Fallegir skartgripir



Silfurlokkar með
rubin og zirconia
5.500 kr.



Silfurmen með
rubin og zirconia
5.400 kr.

Úra- og skartgripaverslun

HEIDE EHF

GLÆSIBÆ

SÍMI 581 3665



JENS Ermahnappar: 13.900 kr. / Bindisnæla: 10.900 kr.



BRILLIANT Ermahnappar: 11.600 kr. / Bindisnæla: 7.650 kr.

Gjörvilegt glingur

Ermahnappar og bindisnælur hafa verið klassískir fylgihlutur fagaðra karlanna frá því að jakkaföt komu fyrst á markaðinn. Á síðustu árum hafa vinsældir jakkafata aukist nokkuð og þess vegna hafa karlmenn landins hugað meira og betur að fylgihlutum jakkafata. Vilhjálmur Vilhjálmsson hjá Hugo Boss segir bindisnælur svolítið á undanhaldi en ermahnappar

hafi notið vaxandi vinsælda.

Lilja Haraldsdóttir, verslunarstjóri Jens í Kringlunni, segir að steinar hafi verið allsráðandi í skarti kvenna á undanförunum árum og nú séu herrarnir einnig farnir að fá að njóta þeirra. Bryndís Magnúsdóttir hjá skartgripaversluninni Brilliant tekur undir þetta og segir til dæmis að zirkon-steina megi finna víða. Hún segir einnig að erma-

hnappar og bindisnælur úr stáli njóti vaxandi vinsælda þar sem fólk virðist ekki nenna að huga að og pússa silfrið.

Ermahnappar og bindisnælur munu ætíð vera klassískir fylgihlutir enda ekki margt annað sem karlmenn geta notað til þess að lífga upp á klæðnað sinn og sig í leiðinni.



HUGO BOSS Ermahnappar: 4.980 kr.



MEBA Settið: 3.500 kr.

Heilsunudd sem örvar blóðrásina, dregur úr spennu og streitu, styrkir og fegrar fætur.

Með samvirkandi þrýstings- og titringsnuddi skilar **iSqueeze** nuddtækið besta árangri sem völ er á í tækjanuddi.



35.000 KR.

Fæst aðeins hjá Rúmco



TAKIÐ AF YKKUR SKÓNA!



Örvar viðbragðspunkta orkurása líkamans.



Þriggja punkta nudd samtímis á kálfa, ökkla og iljar.



Samvirkandi þrýstings- og titringsnudd sem skilar hámarksárangri.





OASIS
Spangir
kr. 590 790.

ACCESSORIZE
Blómaspenna
kr. 650.



ICE IN A BUCKET
Blómaspenna
kr. 1995.



ACCESSORIZE
Fiðrildaspenna kr. 899.



KISS
Hárbönd kr. 390.

Hár er höfuðprýði

» Falegt hárskraut getur gert mikið fyrir hárið


Hárskraut er ómissandi fylgihlutur við öll tækifæri. Það getur verið lítið og látaust hversdagslega og glitrandi og glæsilegt við sérstök tækifæri. Hvort heldur sem er, setur það alltaf punktinn yfir i-ið. Spennur, teygjur, kambar, klemmur og þrjónar geta gert ótrúlega mikið fyrir hárið og oft þarf ekki flóknar hárgreiðslur til þess að það komi vel út. Í verslunum bæjarins má finna mikið úrval hárskrauts og ættu allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi, hvort sem það eru blóm og fiðrildi eða glitrandi steinar.

ICE IN A BUCKET
Klemma
kr. 395.



KISS
Kambur kr. 290.

ICE IN A BUCKET
Þrjónn kr. 295.



ICE IN A BUCKET
Kúluteygjur kr. 195.



**Það allra vinsælasta
í skarti í dag**



**Dreifingaraðili:
Hafnarsport s. 517-3700**

Hafnarsport ehf.
www.hafnarsport.is



KISS
Klemma kr. 1490.



ACCESSORIZE
Blómaspennur kr. 899.




ACCESSORIZE
Spennur kr. 750.



ICE IN A BUCKET
Spennur. Fjórar saman
kr. 195.


KISS
Spenna
kr. 1990.



OASIS
Hárband kr. 990.



ACCESSORIZE
Teygjur kr. 750.



ICE IN A BUCKET
Spenna. Tvær
saman kr. 295.



*Sígildir skartgripir
við öll tækifæri*

Gullkistan - Frakkastíg 10 - Sími: 551-3160.

Íslensk hönnun



GuSt
Laugavegi 39

80

ÁRA AFMÆLI
1925 - 2005

Einstakt tækifæri!



Allar vörur með **20-30%** afmælisafslætti



1925
Go
SKARTGRIPIR & ÚR

Opið frá kl. 10:00 til 18:00 föstudag, laugardag og sunnudag

Bankastræti 12 - 101 Reykjavík - Sími 551 4007

	MP & BH	11	H2O	MÓTMÆLI	TVEIR EINS	KVENKYNHUNDUR		NÚLL	STEINTEGUND	
	MÆLIEINING			1			KLAFI			
							KYN			
	GAMALL NYTJAHLOTUR							Á MÓTI		ÁTT
								STÓ		LÉLEGGUR BÍLL
	MILLJÓN				PYNTARI					
BYGGINGAR-EINING PRÓTÍNA					STARF	VARNINGUR			2	KRINGUM
					DAUÐI					GERILL
UNDIR ÞAKI				GAN				EINN		TRÉ
				HORFÐU						EFTIR T
ÍLÁT				TÍMAEINING			SAFNA AF NÍSKU			
				SANN-FÆRINGAR			Á LÍÐANDI STUNDU			
MJÖÐUR			VIII						3	OF LÍTIÐ
			SLABB				ÖNEFNDUR			DRYKKUR
LÉLEGGUR					ÞREYTA	HÓPUR		DRYKKUR		EFTIR R
					ÞRÍ			KNÆPA		LÍTILL SOPI
LIFANDI VERA		BOGI		ERLENDIS			LJÓSGJAFI			
							KRINGUM			
GUÐ	↓			ÁGÓÐI						SKYLDIR
				FYRSTUR	4					EFTIR K
		→					LISTAMAÐUR			

BaseCamp



Leystu krossgátuna! Þú gætir unnið diskinn Heitar lummur með samnefndri hljómsveit.
 Diskurinn inniheldur allar bestu dægurlagaperlur sjöunda og áttunda áratugarins í glænýjum og endurbættum útgáfum!

 **sena**

Þú sendir SMS skeytið JA SVAR LAUSNARORÐIÐ á númerið 1900!
 Dæmi hvernig SMS gæti lítið út ef svarið er Jón. Þá sendir þú SMS-ið JA SVAR JON. Dregið úr réttum svörum n.k. þriðjudag kl. 12.



« Þátturinn »

Sjónvarpsþáttur með söngleikjaílvafi

Æsispennandi morðgáta, söngleikjalög, græðgi, ást og dökkur húmor – allt þetta má finna í nýju þáttunum Blackpool sem hefja göngu sína í Sjónvarpinu fimmtudagskvöldið 24. nóvember kl. 22.25.

Þættirnir fjalla um sigra og ósigra leik-tækjasalareigandans Ripley Holden. Hann býr í fræga ferðamannabænum Blackpool en vinsældir hans fara dvínandi. Hann er staðráðinn í því að græða offjár en það byggist allt á því að bærinn geti orðið að Las Vegas Bretlands. Ripley stritar við að halda fjölskyldunni saman og lifir í þeirri von að hamingjan sé á næsta leiti. Fljótlega fara þó hlut-

irnir að flækjast. Brestir koma í hjónabandið og skyndilega liggur hann undir grun þegar ungur maður finnst látinn í sýningarsal fyrirtækisins. Rannsóknar-lögreglumaðurinn Carlisle er staðráðinn í að komast að sannleikanum, sama hvað það kostar, og Ripley er flæktur inn í atburðarás sem hann getur ekki haft nein áhrif á.

Þættirnir eru mjög sérstakir þar sem inn í þá fléttast söngleikjalög. Þeir hafa fengið lofsverða gagnrýni, og bæði verið tilnefndir og unnið til verðlauna. Meðal leikenda eru David Morrissey, Sarah Parish, David Tennant og John Thomson.

á fjarstýringunni

Sófaátök, kærkomnar borgir og heimsfaraldrar

LAUGARDAGURINN 19. NÓVEMBER / SÝN KL.18.50 REAL MADRID - BARCELONA mætast í beinni útsendingu frá 12. umferð í spænska boltanum. Þetta er langstærsti leikur umferðarinnar en bæði liðin eru með þeim allra



sterkustu í Evrópu enda með skærustu og bestu knattspyrnumenn heims innan-stokks. Í fyrra unnu bæði liðin sinn heimaleik þegar þau mættust. Þetta er leikur sem enginn má missa af og eins gott að vera vel undirbúinn fyrir sófaátök þennan laugardag!

ÞRIÐJUDAGURINN 22. NÓVEMBER / SKJÁREINN KL. 20.00

BORGIN MÍN. Fjölmargir Íslendingar dveljast langdvölum erlendis við nám, leik eða störf og þekkja því eina borg öðrum betur og fá á henni dálæti. Í þáttaröðinni Borgin mín verða þjóðþekktir Íslendingar beðnir um að leiða áhorfendur í allan sannleika um borgina sína og mun Bryndís Schram taka á móti áhorfendum í fyrsta þættinum og sýna þeim alla sína uppáhaldsstaði í höfuðborg Finnlands, Helsinki.



ÞRIÐJUDAGURINN 22. NÓVEMBER / SJÓNVARPIÐ KL. 21.25

SPÆNSKA VEIKIN. Elín Hirst hefur gert nýjan þátt um spænsku veikina vegna aðstoðjandi hættu í heiminum af völdum fuglaflensu. Þátturinn er byggður á efni úr samnefndum þáttum sem sýndir voru í Sjónvarpinu fyrir nokkrum árum. Nýjustu rannsóknir sýna að fuglaflensan er í ætt við spænsku veikina sem olli heimsfaraldrinum árið 1918 en vísindamenn telja að slík farsótt kunní að vera á næsta leiti.



ÁSKRIFT - \$15 \$100 | WWW.STOOD2.IS | SKÍFAN | OG VÖDAFONE

ÞAD VAR LAGIÐ

NÝJASTA ÆÐIÐ Í SJÓNVARPI - ÖLL LAUGARDAGSKVÖLD



föstudagur

STÖÐ 2 BÍÓ KL.20.00

HEARTS IN ATLANTIS Vönduð kvikmynd sem byggð er á skáldsögu Stephens King og vann til fjölda verðlauna. Þegar David Morse snýr aftur á heimaslóðir vingast hann við hinn 11 ára gamla Bobby en móðir stráksins virðist lítt um Morse gefið. Morse, sem kominn er af léttasta skeiði, leynir þó á sér og hefur margt að gefa. Aðalhlutverk leika Anthony Hopkins, Anton Yelchin og Hope Davis. Scott Hicks leikstýrir. **Einkunn á imdb.com: 6,7.**

SIRKUS KL. 21.15

GOOD BYE LENIN! Gamanmynd sem fjallar um uppreisnargjarnan dreng í Austur-Þýskalandi árið 1989, rétt fyrir fall Berlínarmúrsins. Faðir hans flúði til Vestur-Þýskalands og móðirin rígheldur í trú sína á sósíalískt samfélag. Myndin hefur slegið í gegn út um heim allan og unnið til fjölda verðlauna. Aðalhlutverk: Daniel Brühl, Kathrin Sass og Chulpan Khamatova. Leikstjóri: Wolfgang Becker.2003. **Einkunn á imdb.com: 7,8.**

SJÓNVARPIÐ KL. 23.50

THE LIFE OF DAVID GALE Dr. David Gale er heimspekiþróffessor við háskóla í Texas og berst heitt fyrir afnámi dauðarefsingar. Hann er sakaður um að hafa nauðgað konu og myrt hana og er dæmdur til dauða. Á meðan Gale bíður þess í fangelsinu að dómnum verði fullnægt rifjar hann upp sögu sína fyrir blaðamanni. Leikstjóri er Alan Parker og meðal leikenda eru Kevin Spacey, Kate Winslet og Laura Linney. **Einkunn á imdb.com: 7,2.**

laugardagur

STÖÐ 2 BÍÓ KL.22.10 / THE MATRIX RELOADED



ÓSTÖÐ 2 BÍÓ KL.16.00

STUTTUR FRAKKI Franskur umboðsmaður er sendur til Íslands til að kynna sér tónlist vinsælustu hljómsveita landsins. Vegna misskilnings og ýmissa vandkvæða gleymist að sækja Frakkann á flugvöllinn sem á heldur betur eftir að draga dilk á eftir sér. Aðalhlutverk leika Jean-Philippe Labadie, Hjálmar Hjálmarsson, Elva Ósk Ólafsdóttir, Eggert Þorleifsson, Björn Karlsson. **Einkunn á imdb.com: 5,5.**

SJÓNVARPIÐ KL.22.05

HARRISON'S FLOWERS Frönsk bíómynd frá 2000. Verðlaunaljósmyndari frá Newsweek hverfur í stríðinu í Júgóslavíu og konan hans fer að leita að honum. Myndin hefur unnið til þriggja verðlauna og hlotið eina tilnefningu. Leikstjóri er Elie Chouraqui og meðal leikenda eru Andie MacDowell, Elias Koteas, Brendan Gleeson, Adrien Brody og David Strathairn. **Einkunn á imdb.com: 7,3.**

sunnudagur

SJÓNVARPIÐ KL.21.55

P.O.V. – POINT OF VIEW Dönsk bíómynd frá 2001. Kamilla er að fara að gifta sig í Las Vegas en stingur af á síðustu stundu. Hún fær far með Rock, ókunnugum manni á mótorhjól og leiðin liggur til Kaliforníu. Þeim sinnast og Kamilla heldur áfram ferðalagi sínu með síðblindum sirkustrúði. Rock birtist aftur og bjargar henni en ævintýrin eru ekki á enda. Tómas Gíslason leikstýrir. **Einkunn á imdb.com: 4,8.**

STÖÐ 2 BÍÓ KL.22.00 / TRAINING DAY



mánudagur

MGM KL.16.10

STELLA Stella Dallas er einstæð móðir af verkamannastétt. Hún lætur dóttur sína frá sér til að alast upp hjá ríkum föður svo hún fái notið alls þess besta í lífinu. Það reynist Stellu þó afar sársaukafullt og hún jafnar sig seint og illa. Meðal leikenda eru Bette Midler, John Goodman, Trini Alvarado, Stephen Collins, Marsha Mason og Eileen Brennan. John Erman leikstýrir. **Einkunn á imdb.com: 5,4.**

STÖÐ 2 BÍÓ KL. 22.00

THE EDGE Milljónamæringur og tiskuljósmyndari tynast í óbyggðum Alaska. Ött bjarnýr hundeltir þá og þeir þurfa á öllum sínum kröftum að halda til þess að komast af. Smám saman komast þeir að því að þeir eiga mun fleira sameiginlegt en ætla mætti í fyrstu. Aðalhlutverk leika Alec Baldwin, Anthony Hopkins og Elle Macpherson. Lee Tamahori leikstýrir. **Einkunn á imdb.com: 6,7.**

þriðjudagur

STÖÐ 2 BÍÓ KL.20.00

SOMETHING'S GOTTA GIVE Rómantísk gamanmynd. Harry er stórbokki í tónlistarbransanum og með auga fyrir fallettum, ungum konum. Hann er kominn af léttasta skeiði en lætur það ekki stoppa sig. Nýjasta kærastan er minnst helmingi yngri en hann og því er það heldur neyðarlegt þegar Harry fær hjartaáfall á heimili foreldra stúlunnar. Aðalhlutverk leika Jack Nicholson og Diane Keaton. **Einkunn á imdb.com:6,8.**

STÖÐ 2 BÍÓ KL.20.00 / SOMETHING'S GOTTA GIVE



STÖÐ 2 BÍÓ KL.22.05

SUNSHINE STATE Dramatísk verðlaunamynd. Nokkurt uppnám ríkir í litlu samfélagi í Flórída. Afhafnamenn vilja ráðast í miklar framkvæmdir en skiptar skoðanir eru um ágæti þess á meðal íbúanna. Fólkidi hefur líka um fleira að hugsa því í einkalífi þeirra eru ýmis óútljáfá mál. Aðalhlutverk leika Edie Falco, Angela Bassett, Timothy Hutton og Mary Steenburgen. John Sayles leikstýrir. **Einkunn á imdb.com: 7,0.**

miðvikudagur

MGM KL. 9.00

THE FANTASTICKS Þessi söngleikjamynd er byggð á vinsælu verki sem sýnt hefur verið í Bandaríkjunum um árabíl. Feður Matt og Louisu vilja koma börnun sínum saman og gera allt sem í þeirra valdi stendur til að plata þau í samband. Góð skemmtun fyrir alla fjölskylduna. Meðal leikenda eru Joel Grey, Barnard Hughes, Jean Louisa Kelly og Joseph McIntyre. Michael Ritchie leikstýrir. **Einkunn á imdb.com: 5,8.**

STÖÐ 2 BÍÓ KL.18.00

YOUNG FRANKENSTEIN Óborganleg gamanmynd. Barnabarn Frankenstein heldur til Transylvaníu til að berja augum ættaróðalið sem hann hefur nýfert. Frederick kappir í kynið og er vart kominn í kastalann þegar tilraunir hefjast á nýjan leik. Skyndilega er gamalkunnugt skrímsli komið á stjá og þar með er fjandinn laus. Aðalhlutverk leika Gene Wilder, Peter Boyle og Marty Feldman. Mel Brooks leikstýrir. **Einkunn á imdb.com: 8,0.**

fimmtudagur

STÖÐ 2 BÍÓ KL. 22.00 / ROAD TO PERDITION



STÖÐ 2 BÍÓ KL. 20.00

YAMAKASI Frönsk mynd um nútíma samúræja, Yamakasi, sem berjast gegn dimum og sorglegum veruleika fátækrahverfanna. Þeir trú ekkí á þyngdarlögmálið og stökkva milli þaka og klífa ótrúlegustu skjákljúfa. Lögreglunni er ekki vel við þá enda hirða þeir lítt um lögin en unglingar Parísarborgar elska þá. Í aðalhlutverkum eru Chau Belle Dinh, Williams Belle og Malik Diouf. **Einkunn á imdb.com: 5,5.**

STÖÐ 2 BÍÓ KL. 22.00

ROAD TO PERDITION Úrvalsmynd sem hlaut sex tilnefningar til Óskarsverðlauna. Michael Sullivan er leigumörðingi á kreppuárunum í Chicago. Hann hefur myrt marga en verður sjálfur að horfa upp á eiginkonu sína og yngri son hljóta sömu örlög. Michael ætlar að koma fram hefndum en verður líka að gæta öryggi eldri sonar síns. Aðalhlutverk leika Tom Hanks og Paul Newman. Sam Mendes leikstýrir. **Einkunn á imdb.com: 7,7.**

STÖÐ 2 KL. 00.40

CONSPIRACY Örlagaríkur fundur var í úthverfi Berlínar árið 1942 þegar örlög gyðinga voru ákveðin. Hópur háttsettra nasista og sérsveitarmanna gæddi sér á ríkmannlegu hlaðborði og ræddi um lausnir til að útrýma heilli þjóð. Afrit af fundarskjalinu glötuðust í stríðinu en síðar fannst eitt afrit í skjalasafni þýska ríkisins og er myndin byggð á því. Aðalhlutverk leika Stanley Tucci, Kenneth Branagh og Colin Firth. **Einkunn á imdb.com: 7,6.**

SIRKUS KL. 21.15 / GOOD BYE LENIN!



STÖÐ 2 BIÓ KL.22.10

THE MATRIX RELOADED Tölvur stjórna veröldinni og á aðeins einum stað er að finna frjálst samfélag manna. Það er í borginni Zion sem er undir yfirborði jarðar. Fólk þar er óhult en hversu lengi? Neo og félagar eiga fyrir höndum baráttu upp á líf og dauða. Aðalhlutverk leika Keanu Reeves, Laurence Fishburne, Carrie-Anne Moss og Jada Pinkett Smith. **Einkunn á imdb.com: 7,1.**

STÖÐ 2 KL.23.10

SPIDER Maður sem kallaður er „Spider“ glímur við geðveilu á alvarlegu stigi. Hann er innilokaður í herbergisholu, hefur gjörsamlega misst tókin á veruleikanum og lifir sig inn í og endurtekur erfiða æsku sína. Hér er á ferð afar áhrifarík og vel leikin verðlaunamynd. Aðalhlutverk leika Gabriel Byrne, Miranda Richardson og Ralph Fiennes. David Cronenberg leikstýrir. **Einkunn á imdb.com: 6,9.**

STÖÐ 2 BIÓ KL.22.00

TRAINING DAY Rannsóknarlögreglumaðurinn Alonzo Harris kallar ekki allt ömmu sína þegar stöðva skal eiturfjásala og annan óþjóðalýð. Nýliðinn Jake Hoyt slæst í för með honum í einn sólarhring og öðlast reynslu sem hann gleymir ekki í bráð. Aðalhlutverk leika Denzel Washington, Ethan Hawke, Tom Berenger og Scott Glenn. Antoine Fuqua leikstýrir. **Einkunn á imdb.com: 7,3.**

STÖÐ 2 KL.02.20

BRAVEHEART Stórmynd sem hlaut Óskarsverðlaun sem besta mynd ársins 1995 og fern önnur að auki. Sagan gerist á 13. öld. Þegar konungur Skotlands deyll hrífsar Englandskonungur völdin. Hinn dularfulli William Wallace kemur heim til Skotlands eftir langa fjarveru og skipuleggur uppreisn alþýðunnar gegn yfirvaldinu. Meðal leikenda eru Mel Gibson og Sophie Marceau. Mel Gibson leikstýrir. **Einkunn á imdb.com: 8,3.**

STÖÐ 2 KL. 00.50

WHITE MEN CAN'T JUMP Gamanmynd um tvo körfuboltamenn sem taka höndum saman og fara vítt og breitt um Los Angeles með svikum og þrengjum. Þeir þykjast vera aular í íþróttinni en fara á kostum þegar fjármunir eru í húfi. Köppunum gengur hins vegar mun verr með konurnar í lífi sínu. Aðalhlutverk leika Wesley Snipes, Woody Harrelson og Rosie Perez. Ron Shelton leikstýrir. **Einkunn á imdb.com: 6,2.**

STÖÐ 2 BIÓ KL. 22.00 / THE EDGE



TCM KL.23.20

THE PASSWORD IS COURAGE Breskur stríðsfangi reynir allt hvað hann getur til að strjúka, smygla sér með særðum hermanni, felur sig í slökkviliðsbíl og grefur sér göng en þó gengur ekki eins og skildi. Sagan er byggð á sannsögulegum atburðum um herforingjann Charles Coward. Meðal leikenda eru Dirk Bogarde, María Perschy, Alfred Lynch, Reginald Beckwith og Richard Marnar. Andrew L Stone leikstýrir. **Einkunn á imdb.com: 6,5.**

STÖÐ 2 BIÓ KL.22.05 / SUNSHINE STATE



STÖÐ 2 BIÓ KL.22.00

SMILING FISH & GOAT ON FIRE Rómantísk gamanmynd um bræðurna Tony og Chris sem búa saman í Los Angeles. Annar er leikari, hinn er endurskoðandi og báðir eru þeir í samböndum sem standa á brauðfótum. Bræðurnir kynnast nýjum konum og nú er sjá hvort þeir séu tilbúnir að ganga alla leið. Aðalhlutverk leika Derick Martini, Amy Hathaway og Steven Martini. Leikstjóri er Kevin Jordan. **Einkunn á imdb.com:6,4.**

STÖÐ 2 KL.01.40

8 MILE Rappariinn Eminem vinnur leiksigur í þessari stórgóðu mynd sem hreptti Óskarinn fyrir bestu kvikmyndatónlistina. B-Rabbitt er reitur, ungur maður í Detroit og framtíðin ekki björt. Hann býr í hjólhýsi með drykkfældri móður og er í ömurlegri vinnu. Kæran er ófrísk og síðasta ráð hans er að reyna að slá í gegn í tónlistinni. Aðalhlutverk leika Eminem, Kim Basinger og Brittany Murphy. **Einkunn á imdb.com: 6,8.**

Íþróttir í sjónvarpinu »

FÖSTUDAGUR

05:55 **SÝN A1 Grand Prix** Bein útsending frá heimsbikarnum í kappakstri. Í nótt fer fram tímataka í fimmta mótinu í mótariðinni.

LAUGARDAGUR

13:00 **SÝN World Golf Championship 2005** – Algarve World Cup Bein útsending. Bestu kylfingar heims verða meðal keppenda.

12:35 **ENSKI BOLTINN Wigan** – Arsenal Bein útsending

14:15 **SJÓNVARPIÐ Fyrirtækjabíkar kvenna í körfubolta**

15:00 **ENSKI BOLTINN Chelsea** – Newcastle Bein útsending

15:00 **EB2 Charlton** – Manchester United Bein útsending

15:00 **EB 3 Liverpool** – Portsmouth Bein útsending

15:00 **EB 4 Manchester City** – Blackburn Bein útsending

15:00 **EB 5 Sunderland** – Aston Villa Bein útsending

16:00 **SÝN Glasgow Celtic** – Glasgow Rangers Bein útsending frá viðureign Celtic – Rangers. Þetta eru ávalt stærstu leikirnir í skoska boltanum en liðin hafa verið þau allra sterkustu í Skotlandi.

16:05 **SJÓNVARPIÐ Fyrirtækjabíkar karla í körfubolta**

17:15 **ENSKI BOLTINN WBA** – Everton Bein útsending

18:50 **SÝN Real Madrid** – Barcelona Bein útsending frá 12. umferð í spænska boltanum. Þetta er lang stærsti leikur umferðarinnar en bæði liðin eru ein af þeim allra sterkustu í Evrópu enda eru skærustu og bestu knattspyrnumenn heims í liðunum. Í fyrra unnu bæði liðin sinn heimaleik þegar þau mættust.

20:50 **SÝN Sevilla** – Betis Bein útsending frá 12. umferð í spænska boltanum.

SUNNUDAGUR

12:50 **ENSKI BOLTINN Tottenham** – West Ham Bein útsending

13:00 **SÝN World Golf Championship 2005** Bein útsending frá síðasta keppnisdeginum í World golf championship.

15:50 **ENSKI BOLTINN Middlesbrough** – Fulham Bein útsending

16:05 **SJÓNVARPIÐ Meistararnót Íslands í sundi**

19:20 **SÝN Ítalski boltinn 05/06** Bein útsending frá Ítalska boltanum

21:50 **ENSKI BOLTINN Cincinnati** – Indianapolis Bein útsending frá ameríska fótoltanum.

MÁNUDAGUR

19:50 **ENSKI BOLTINN Birmingham** – Bolton Bein útsending


ÞRIÐJUDAGUR

19:30 **SÝN Manchester United** – Villarreal Bein útsending frá Meistaradeild Evrópu. Það er mikil spenna D riðli en Ferguson og félagum hefur ekki gengið of vel. Leikurinn skiptir gríðarlega miklu máli fyrir United menn ef þeir ætla að komast upp úr riðlinum.


FIMMTUDAGUR

17:50 **SÝN Halmstad** – Sampdoria Bein útsending frá Evrópukeppni félagsliða. Gunnar Heiðar Þorvaldsson hefur farið á kostum með liði sínu Hamstad og spennandi verður að sjá hvernig honum og hans félagum vegnar gegn Sampdoria.

BARNAEFNI
▶ **20.10**
LATIBÆR




KEPPNI
▶ **20.30**
IDOL – STJÖRNULEIT 3




KEPPNI
▶ **21.00**
SPURNINGA-ÞÁTTURINN SPARK



BÍÓ
▶ **21.15**
GOOD BYE LENIN!



KNATTSPYRNA
▶ **20.30**
UEFA CHAMPIONS LEAGUE



SJÓNVARPIÐ

2

SKJÁREINN

SIRKUS

SÝN
besta sýnið

MORGUN

DAGUR

KVÖLD

NÓTT

6.58 Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í finu formi 2005 **9.35** Oprah (6:145) **10.20** Ísland í bítið

12.20 Neighbours **12.45** Í finu formi 2005 **13.00** Joey **13.30** George Lopez **14.00** Night Court **14.25** Fresh Prince of Bel Air **14.50** Punk'd (e) **15.15** Apprentice 3, The **16.00** Barnatími Stöðvar 2. **17.45** Bold and the Beautiful **18.05** Neighbours

17.25 Cheers – 8. þáttaröð **17.50** Upphitun **18.20** Íslenski bachelorinn (e)

7.00 Olíssport **7.30** Olíssport **8.00** Olíssport **8.30** Olíssport

18.00 Olíssport

18.30 Ungar ofurhetjur (26:26) (Teen Titans)
19.00 Fréttir, íþróttir og veður
19.35 Kastljós
▶ **20.10** Latibær
20.40 Rocky og Bullwinkle í ævintýrum (The Adventures of Rocky and Bullwinkle) Bandarísk ævintýramynd frá 2000.
22.15 Vínir á villigötum (Made) Bandarísk bíómynd frá 2001 um tvo hnefaleikakappa og víni sem leiðast út á glæpa-brautina. Leikstjóri er Jon Favreau og meðal leikenda eru Jon Favreau, Vince Vaughn, Joe Goossen og Famke Janssen. Kvikmyndaskoðun telur myndina ekki hæfa fólki yngra en 12 ára.

18.30 Fréttir Stöðvar 2
19.00 Ísland í dag
20.00 Arrested Development (15:22) (Tómir asnar)
▶ **20.30** Idol – Stjörnuleit 3 (Stúdíó / NASA – 1. hópur) Nú taka leikar að æssast í Idol-Stjörnuleitinni. Þrjátíu og fimm manna úrslit standa nú yfir í NASA.
21.20 Punk'd (1:16)
21.50 Idol – Stjörnuleit 3 (Stúdíó/NASA – Atkvæðagreiðsla um 1. hóp)
22.15 Listen Up (5:22) (Takið eftir)
22.40 Blue Collar TV (14:32) (Grínsmiðjan)
23.05 The Texas Chainsaw Massacre (Stranglega bönnuð börnum)

19.20 Þak yfir höfuðið
19.30 The King of Queens (e)
▶ **20.00** Spurningabátturinn Spark Spark er splunkunýr spurningabáttur um fótbolta og fótboltatengt efni.
20.35 Charmed
21.20 Complete Savages Í þættinum kemur berlega í ljós hvernig fer þegar fimm venjulegir karlar menn búa saman án konu til að leggja þeim lífsreglum.
21.45 Ripley's Believe it or not! Í
22.30 Dirty Sanchez – lokabáttur Í þættinum kynnumst við nýjum fleti á því hvað sársauki getur verið, þegar við fylgjumst með þremur Wales-búum og einum brjáluðum Lundúnabúa.

18.30 Fréttir Stöðvar 2
19.00 Laguna Beach (7:11)
19.30 Idol extra 2005/2006
20.00 Sirkus Rvk Sirkus Rvk er nýr þáttur í umsjá Ásgeirs Kolbeinssonar, þar sem hann tekur púlsinn á öllu því heitasta sem er að gerast.
20.30 Joan Of Arcadia (20:23)
▶ **21.15** Good Bye Lenin! Gamnmynd sem fjallar um uppreisnargjarnan dreng í Austur-Þýskalandiárið 1989, rétt fyrir fall Berlínarmúrins. Myndin hefur slegið í gegnút um heim allan og unnið til fjölda verðlauna. Aðalhlutverk: Daniel Brühl, Kathrin Sass og Chulpan Khamatova. Leikstjóri: Wolfgang Becker. 2003.

18.30 NFL-tilþrif Svipmyndir úr leikjum helgarinnar í ameríska fótboltanum.
19.00 Gillette-sportpakinn
19.30 Timeless (Íþróttahetjur) Íþróttahetjur eru af öllum stærðum og gerðum.
20.00 Motorworld
▶ **20.30** UEFA Champions League (Meistaradeild Evrópu fréttabáttur)
21.00 A1 Grand Prix (Heimsbikarinn í kappakstri)
22.00 Sýn 10 ára Í nóvember eru 10 ár síðan að sjónvarpsstöðin Sýn fór í loftið. Af því tilefni verður haldin mikil afmælisveisla í sjónvarpsal þar sem margir bestu íþróttamenn landsins verða gestir og rífa upp síðustu 10 ár í íþróttasögunni.

23.50 Með lífið að veði (Kvikmyndaskoðun telur myndina ekki hæfa fólki yngra en 16 ára. e) **1.55** Útvarpsfréttir í dagskrárlök

0.40 Conpiracy (Bönnuð börnum)
2.15 Bad City Blues (Stranglega bönnuð börnum) **3.50** Terminal Invasion (Stranglega bönnuð börnum) **5.10** Fréttir og Ísland í dag **6.40** Tónlistarmyndbönd frá Popp Tívi

23.00 Battlestar Galactica **23.45** Íslenski bachelorinn (e) **0.40** Sívía Nött (e) **1.05** New Tricks (e) **2.00** Tvöfaldur Jay Lenó (e) **3.30** Östðevandi tónlist

23.15 Weeds (7:10) **23.50** Ford fyrsetukeppnin 2005 **0.20** HEX (7:19) **1.05** David Letterman **1.50** David Letterman

23.15 NBA – Bestu leikirnir **0.55** Enski boltinn **2.40** Hnefaleikar **4.25** World Poker Tour 2 **5.55** A1 Grand Prix

„Hvað er í gangi?“ www.akureyri.is

Allt sem er að gerast á Akureyri í viðburðadagatalinu á www.akureyri.is!
Hefur þú kynnt þér málið?



Akureyri
ÖLL LÍFSINS GÆÐI

Upplýsingamiðstöðin á Akureyri
Hafnarstræti 82 • 600 Akureyri • Sími 462 7733



SPJALL

▶ **07.00**

ÍSLAND Í BÍTIÐ



▶ **7.00** Ísland í bítið **9.00** Fréttavaktin fyrir hádegi **Frétta-** þjóðmála- og dægurmálaþáttur í umsjá Lóu Aldisardóttur og Hallgríms Thorsteinssonar.

